

**Fornleifarannsóknir við Bygggarðsvör á
Seltjarnarnesi
2004**



© Margrét Hermanns Auðardóttir
2005

Efnisyfirlit

Inngangur	4
1. Byggarður	5
2. Skráðar og óskráðar minjar við Byggarðsvör	8
3. Framkvæmd og niðurstöður fornleifarannsókna við Byggarðsvör	12
3.1 Könnunarskurður A:1	15
3.2 Könnunarskurður B:1	18
3.3 Könnunarskurður C:1	23
3.4 Könnunarskurður E:1	26
3.5 Sjávarbakki svæði E	31
3.6 Helstu niðurstöður	34
4. Sjósókn Seltirninga	39
5. Eftirmáli	41
6. Þakkarorð	42
Heimildaskrá	43
<i>Viðauki I</i>	
Greining gjóskulaga vegna fornleifarannsókna við Byggarðsvör	47
<i>Viðauki II</i>	
Örnefni tengd Byggarði og nálægum siglingaleiðum og fiskimiðum	55
<i>Viðauki IV</i>	
Um hlutverk fornleifafraeðinnar til styrktar fornleifarannsóknum og lögbundinni fornleifavernd	58
Jarðlagaskrá	60
Teikningaskrá	62
Ljósmyndaskrá	65
Fundaskrá	75
Sýnaskrá	80



1. mynd

Göngukort af Seltjarnarnesi en þar vísar **rauða örin** á Byggarðsvör (Kortið var gefið út af Umhverfisnefnd Seltjarnarnesbæjar árið 2000 - MHA).

Inngangur

Tilfni rannsóknanna við Byggarðsvör má rekja til ákvörðunar umhverfisnefndar Seltjarnarnesbæjar að byggja upp verstöð við vörina til að minnast umfangsmikillar sjósóknar frá Seltjarnarnesi á liðnum öldum, samanber *Tillögur verkefnishóps um uppbyggingu á verstöð við Byggarðsvör á Seltjarnarnesi* frá 15. október 2003, sem nálgast má á vef bæjarins: <http://www.seltjarnarnes.is/stjornsysla/skyrslur/umhverfisma/> Áður en að þeim framkvæmdum kæmi þurfti fyrst að kanna hvort fornleifar væri að finna við vörina, því mannvirkjaleifar og aðrar minjar sem menn hafa gert og mannaverk eru á og eru hundrað ára eða eldri, teljast til *fornleifa* og njóta friðunar samkvæmt *þjóðminjalögum* (sjá *Viðauka III*). Umhverfisnefnd Seltjarnarnesbæjar fór þess á leit við undirritaða að koma með tillögu um það hvernig best væri að haga fornleifarannsóknum við Byggarðsvör innan ramma þeirrar fjárveitingar sem nefndin hafði til ráðstöfunar 2004. Það kallaði á að kanna hvaða minjar mætti greina við vörina og semja rannsóknáætlun við umsókn um rannsóknaleyfi hjá *Fornleifavernd ríkisins*.¹⁾

Að fengnu rannsóknaleyfi hófst fornleifauppgröftur á völdum stöðum við Byggarðsvör 23. júní 2004 undir stjórn undirritaðrar, sem lauk mánuði síðar. Í ágúst var unnið að nánari greiningu gjóskulaga (gosösku) á rannsóknarstað, en þá lá fyrir að styðjast þyrfti að verulegu leyti við þekkt gjóskulög til að áætla aldur minja við vörina. Bryndís G. Róbertsdóttir land- og jarðfræðingur tók að sér sér að sinna þeim greiningum samanber greinargerð í *Viðauka I*.

Um afrakstur rannsóknanna er það helst að segja, að við Byggarðsvör er að finna minjar um *sjósókn* sem ná aftur á 16.-17. öld auk mannvistarleifa fyrir þann tíma. Það sem kom þó einna mest á óvart við rannsóknirnar var *garður hlaðinn úr torfi*, hugsanlega *bygggarðurinn* sem Byggarður, Byggarðsvör og Byggarðstangi vestanvert við vörina eru kennd við. Ætla má að torfgarðurinn hafi verið reistur undir lok landnámstímans á fyrri hluta 10. aldar.

Leggja ber áherslu á að hér er um *grunnrannsóknaskýrslu* að ræða þar sem gera ber grein fyrir niðurstöðum í hverjum könnunarskurði fyrir sig (10. mynd) auk minja í sjávarbakka, og því kann lesendum að finnast að um óþarfa endurtekningar sé að ræða í kafla 3.1 til og með 3.5. Með það í huga vil ég benda þeim á sem hafa einkum áhuga á helstu niðurstöðum rannsóknanna að samantekt um það er að finna í kafla 3.6. Einnig er unnt að kynna sér helstu niðurstöður í hverjum könnunarskurði fyrir sig með því að skoða grunnteikningar og sniðteikningar sem annað myndefni ásamt skýringartextum. Fjallað er um þær aðferðir sem beitt er við tímasetningu fornleifa í inngangi að kafla 3 (bls. 13-14). Í kafla 2 er aftur á móti greint frá því sem geta mátti sér til um minjar við vettvangskönnun áður en uppgröftur hófst m.a. með hliðsjón af því sem greina mátti á loftmyndum, enda ekkert að finna um fornleifar (hundrað ára eða eldri) við vörina í fornleifaskrá Seltjarnarness frá 1980, sem gefin var út 1995 (sjá bls. 8). Greint er frá því helsta sem vitað er um *sjósókn Seltirninga* í kafla 4 og í *Viðauka II* getur að lesa um örnefni tengd Byggarði og nálægum siglingaleiðum og fiskimiðum. Í kaflanum hér næst á eftir, kafla 1, er farið yfir það helsta sem rekja má í ritheimildum um jörðina Byggarð.

¹⁾ Margrét Hermanns Auðardóttir 2004, bls. 1-7.



2. mynd

Kort sem sýnir staðsetningu lögbýla og hjáleigna árið 1703 ásamt býlum sem stofnað var til eftir þann tíma er lágu innan núverandi umdæmis Seltjarnarnesbæjar.

- **Lögbýli:** 1 Bygggarður 2 Nes 3 Bakki 4 Hrólfsskáli 5 Lambastaðir 6 Eiði 7 Mýrharhús
- **Hjáleigur:** 8 Grötta 9 Ráðagerði 10 Nýibær 11 Móakot 12 Nýlenda 13 Gesthús 14 Melshús 15 Tjarnarhús
- + **Eftir 1703:** 16 Bollagarðar 17 Bollagarðakot 18 Litlibær 19 Knopsborg 20 Pálshús 21 Bakkakot 22 Skafholt 23 Káravík 24 Pálsbær

(Grunnkortið er göngukort sem Umhverfisnefnd Seltjarnarnesbæjar gaf út árið 2000 - MHA).

1. Bygggarður

Bygggarðs er fyrst getið í Vilchinsmáldaga í lok 14. aldar og er þá orðinn sjálfstæð byggð jörð að þriðjungi í eigu Neskirkju. Bygggarður átti óskipta útjörð með Nesi og hefur því byggst út úr þeirri jörð, en örnefnið bendir til komræktar. Árið 1703 var Bygggarður meðal 7 lögbýla sé miðað við núverandi umdæmi Seltjarnarnesbæjar (2. mynd), en þá heyrðu undir jörðina fjórar ónafngreindar hjáleigur. Jörðin komst öll í eigu Neskirkju, en eftir að kirkjan var lögð niður var Bygggarður í eigu Dómkirkjunnar í Reykjavík. Var ábúð á jörðinni boðin upp um tíma eftir 1840 og voru þá ábúendur þar fremur skamman tíma hver. Eftir að Nessöfnuður var stofnaður fékk hann jörðina og loks keypti Seltjarnarneshreppur hana af Neskirkju árið 1955. Var landi Bygggarðs þá úthlutað undir iðnaðarhúsnæði.

Talið er að *Bygggarður* á Seltjarnarnesi hafi verið *blönduð verstöð*, þ.e. verstöðin gat hafa verið *heimver*, *útver* og *viðleguver* í senn samkvæmt því er segir í *Íslenskum sjávarhátum* Lúðvíks Kristjánssonar. Um *heimver* eða *heimræði* segir hann, að þar sem

margbýlt var hafi nokkrir bátar haft sameiginlega lendingu eða skipstöðu. Gagnstætt því hafi verið með *útverið*, því menn hafi haldið að heiman með báta sína og áhafnir í útver þaðan sem stutt var á miðin til að sitja fyrir fiski á vissum tímum árs, en í útverum héldu



3. mynd

Íbúðarhúsið í Bygggarði árið 1963 séð frá suðvestri, en þá bjó Guðmundur G. Hagalín rithöfundur þar. Stúlkan á myndinni er Sigfríður Ingvarsdóttir, frænka Sigurlaugar Ingimundardóttur (Steindórssonar) sem tók myndina, en Sigurlaug átti heima í Bygggarði þar til 1961.



4. mynd

Horft frá Bygggarðsvör til austurs að bæjarstæðinu í Bygggarði (ofarlega til hægri á myndinni). Vegna landbrots var bæjarstæðið komið fram á sjávarkambinn á liðinni öld, en það sem eftir er af því skagar yfir nærliggjandi umhverfi (MHA 2004).

menn til í *verbúðum* eða tjöldum. Áhafnir aðkomubáta gátu einnig fengið inni á nærliggjandi bæjum, í stað þess að dvelja í verbúðum. Bátar sem uppsátur höfðu í verstöðvum með þessum kostum kölluðust ýmist *inntökubátar*, *viðlegubátar* eða *aðtökubátar*. Um *viðleguver* segir að þau gátu verið með tvennum hætti: það er annars vegar með aðstöðu fyrir *viðlegubáta* ásamt áhöfnum og hins vegar aðstöðu fyrir heimabáta verstöðvarinnar. *Viðleguáhafnir* sem reru á *heimversbátum* (og algengt var að kalla *viðlegumenn* eða *viðliggjara* við sunnanverðan Faxaflóa) voru aðallega í viðlegu meðan á róðrum stóð, en dvöldu heima í landlegum, einkum þegar langvinn *uppihöld*, hlé, urðu á veiðunum. Þó lítið sé vitað um sjóhús við varir á Seltjarnarnesi var *verbúðir* að finna í Bygggarði samkvæmt Lúðvíki Kristjánssyni (sjá einnig kafla 3.2 og 3.6), auk verbúða í Suðurnesi sem heyrði undir höfuðbýlið Nes.

Fyrsta nafngreinda *ábúanda* í Bygggarði er að finna í tölu skattbænda frá 1696. Þriggja *formanna* er auk þess getið í Bygggarði árið 1703. Alla 18. öld er vitað um ábúendur í Bygggarði og voru margir þeirra áhrifamenn. Jörðin mun hafa skemmst verulega í Bátsendaveðrinu 1799 og fór búskap hrakandi þar eftir það. Búskapur lagðist endanlega af í Bygggarði um 1940, og í íbúðarhúsinu á staðnum bjuggu ýmsir eftir það, en húsið var brennt í byrjun apríl 1984 og húsgrunnurinn því næst jafnaður út (3., 4. og 5. mynd).²⁾



5. mynd

Í forgrunni myndar stendur Ingimundur Steindórsson (verkstjóra Ingimundarssonar á Teigi við Nesveg) á grunni íbúðarhússins í Bygggarði (sjá 3. mynd). Hann og eiginkona hans Stefanía Guðmundsdóttir bjuggu í því húsi frá 1943 til 1961. Á þeim tíma reri Ingimundur frá Bygggarðsvör á eigin bát. Í bakgrunni má sjá dráttarspilið (sbr. 6. mynd) á steypa stöplinum á grasbalanum upp af Bygggarðsvörinni, hákarlshjallinn vestan við vörina og fjarst Gróttuvita (Ljósmynd: Stefanía Guðmundsdóttur 1984).

²⁾ Heimir Þorleifsson 1991, bls. 10-12 og 152-155; Árni Magnússon og Páll Vídalín 1923-1924, bls. 240, 247-248; Lúðvík Kristjánsson 1982, bls. 29-33 og 41.

2. Skráðar og óskráðar minjar við Bygggarðsvör

Í *Fornleifaskráningu á Seltjarnarnesi* sem unnin var á vegum Þjóðminjasafnsins árið 1980, segir um Bygggarðsvör:

“Á grasbakknum fyrir ofan vörina er handknúid dráttarspil. Nokkrir ryðgaðir brautarteinar eru efst í fjörunni, neðan bakkans.”³⁾

Ekki er fleiri minja getið við vörina í þeirri fornleifaskrá. Aftur á móti ber að geta þess hér að dráttarspilið var notað til að draga heimabáta upp úr vörinni á grind á hjólum sem rann eftir brautarteinum. Dráttarspilið stóð lengi við Bygggarðsvörina en er nú horfið. Það stóð lengst af á steiptum ferköntuðum stöpli (5. mynd og **D** á 8. mynd), en á stöplinum má sjá leifar af sverum járnfestingum fyrir spilið. Haustið 2002 var dráttarspilið fest á mynd, en þá stóð það í fjörunni upp af vörinni (6. mynd). Brautarteinana við Bygggarðsvörina sem getið er í fornleifaskránni frá 1980 er ekki lengur að finna við vörina, en ekki er ólíklegt að þeir hafi verið festir við járnstöng á stöpli undir grasbakknum efst í fjörunni (7. mynd og **G** á 8. mynd). Enn má sjá slíka brautarteina í Grímsstaðavörinni við Ægissíðu í suðvesturbæ Reykjavíkur. Brautarteinarnir og dráttarspilið við Bygggarðsvörina ásamt steipta stöplinum sem spilið stóð á eru leifar frá því menn stunduðu veiðar frá Bygggarði á liðinni öld og falla því ekki undir hundrað ára viðmiðunarreglu *þjóðminjalaga* um friðhelgi fornleifa (sjá *Viðauka III*).



6. mynd

Hér má sjá handknúna dráttarspilið sem áður stóð á steipta stöplinum upp af Bygggarðsvörinni (5. mynd), en það stóð efst í fjörunni við Bygggarðsvörina í nóvember 2002 þegar þessi mynd var tekin. Spilið var notað til að draga báta upp úr vörinni sem hvíldu á grind á hjólum sem rann eftir brautarteinum (Ljósmynd: Ársæll Friðriksson 2002).

³⁾ Ágúst Ó. Georgsson 1995, bls. 12.

Áður en rannsóknir hófust við Bygggarðsvör mátti greina eftirtaldir minjar um mannavist við vörina (sjá 8. mynd) :


- Hleðslusteinar innan svæðanna **A** og **B** gátu bent til að þar væri að finna leifar frá *verbúð* eða *sjóhúsi*, þar sem gert var að fiski og veiðarfæri voru geymd.
- *Garðhleðsla* innan svæðis **C**.
- Rétt austan við garðhleðslu **C** liggur steypdur ferkantaður stöpull - **D** - undan handknúnu dráttarspili úr járni (5. mynd) fyrir heimabáta eins og áður er getið. Stöpullinn mældist 0.95 x 1.1 m og er því rúmlega 1 fermetri að flatarmáli.
- Ryðgaða járnstöng - **G** – getur að líta neðan við sjávarbakkann (7. mynd) við norðurendann á garðhleðslu **C**, sem bátar gætu hafa verið festir við og/eða brautarteinarnir sem lágu áður í fjörunni, en eru nú horfnir.
- Í grasbakkanum á sjávarkambinum innan svæðis **E** glittir í steinlögn sem gæti verið frá *fiskgarði* eða afgirtum reit (9. mynd), þar sem fiskur var breiddur til þurrkunar. Ljósu “strimlarnir” innan svæðanna **E** og **F** upp af sjávarkambinum á loftmyndinni (8. mynd) gætu verið til marks um *fiskgarða* (sbr. kafla 3.4), sem leiðir hugann að líkani af fiskþurrkunarreit ásamt fiskgördum í Byggðasafni Vestmannaeyja (37. mynd). Slíkir afgirtir reitir munu hafa fylgt hverri jörð í Vestmannaeyjum um miðja 19. öld. Í sjávarbakkanum innan svæðis **E** mátti einnig greina allnokurt magn bláskelja frá *kræklingabeitu* auk einstakra öðuskelja (9. mynd), sem mjög líklega eru leifar frá því unnið var að *beitingu* á staðnum.
- Innan svæðis **H** gæti verið að finna mannvirkjaleifar.
- Innan svæðis merkt **I** á loftmyndinni má sjá leifar frá bæjarstæðinu í Bygggarði (sbr. einnig 4. mynd).
- Það sem greina má innan svæðis **J** á loftmyndinni (8. mynd) gæti bent til þess að þar sé mannvirkjaleifar að finna.



7. mynd

Járnteinn undir sjávarbakkanum efst í fjörunni upp af Bygggarðsvörinni, sem bátar gætu hafa verið festir við eða brautarteinar sem áður lágu í vörinni. Brautarteinarnir og dráttarspilið (5. og 6. mynd) þjónuðu því hlutverki að draga báta upp úr vörinni. Tommustokkurinn á myndinni er 35 sm langur (MHA 2004).

Sé litið til þess gróna skika sem eftir er við Bygggarðsvörina, er ljóst, að landbrot hefur verið mikið á staðnum, sem m.a. hefur gengið á minjarnar innan svæðanna *E* og *F* (8. mynd). Vegalagnir og malbikaður stígur og aðrar framkvæmdir á liðinni öld hafa auk þess raskað suðurhluta minjanna innan svæðanna *A* og *B*. Eins og áður hefur verið greint frá (kafla 1) skemmdist jarðnæði Bygggarðs verulega í Bátsendaveðrinu 1799 og hrakaði búskap á jörðinni eftir það, enda landbrotið það umfangsmikið, að bæjarstæði Bygggarðs var komið fram á sjávarkambinn á liðinni öld. Landsig og sjávarstöðuhækkun hefur því verið umtalsverð við Faxaflóa frá lokum síðustu ísaldar og slíkar breytingar má enn merkja milli ára.⁴⁾ Klappirnar á *Bygggarðstanga* vestanvert við rennuna í Bygggarðsvörinni hafa því staðið upp úr sjó og verið grónar framan af og skapað betra bátalægi en nú er. Svo hefur einnig verið við fleiri varir á Seltjarnarnesi, sem iðulega er að finna við klappir. *Sílaklappirnar* sem liggja austan við Bygggarðsvörina fram af bæjarstæðinu í Bygggarði, hafa einnig verið grónar, enda gefið mál að bæjarstæðið var upphaflega staðsett allnokkru frá sjó.



8. mynd

Við vettvangskönnun á rannsóknarstað og með hliðsjón af loftmyndum mátti ætla að mannvirkjaleifar væri að finna innan svæðanna *A - B - C - D - E - F - G - H* og *I* sem hér hafa verið færð inn á loftmynd frá 21. ágúst 1998. Í vinstra fleti myndar sést þakið á hákarlshjallinum vestan við Bygggarðsvörina, en hjallurinn var reistur 1951 (MHA 2004).

⁴⁾ Páll Einarsson 1994; Ólafur Ingólfsson o.fl. 1995; Geirsson o.fl. 2005.



9. mynd

Garður hlaðinn úr grjóti sem greina mátti í sjávarbakka áður en rannsóknir hófust (sbr. einnig 38. mynd), en grunur lék á að sá grjótgarður gæti verið frá afgirtum fiskþurrkunarreit eða stakkstæði þar sem fiskur var verkaður og breiddur til þurrkunar (MHA 2004).


Áður en kemur að næsta kafla um framkvæmd og niðurstöður rannsóknaða við Bygggarðsvör, ber að geta þess helsta sem rannsóknir hafa leitt í ljós um landslag og jarðsögu Seltjarnarness í ritinu *Náttúrufar á Seltjarnarnesi* (Agnar Ingólfsson o.fl., bls. 8-9), sem Seltjarnarnesbær gaf út 1997. Þær rannsóknir voru unnar af Náttúrufræðistofnun Íslands í Reykjavík og Líffræðistofnun Háskóla Íslands:

“Landslag á Seltjarnarnesi er með tvennum hætti, annars vegar holt þar sem berggrunnurinn er grágrýtishraun, hins vegar eiði sem mynduð eru úr lausum jarðlögum. Berggrunnurinn er byggður upp af hraunlögum frá næstsiðasta hlýskeiði ísaldar og er hluti af svökölluðu Reykjavíkurgrágrýti. Jarðhitaborholur gefa vitneskju um eldri jarðsögu svæðisins. Undir grágrýtishraununum eru sjávarsetlög, strandmyndanir og jökulberg en neðar eru hraunlög og brotaberg er rekja má til megineldstöðvar sem kennd er við Kjalarnes. Mestur hluti Seltjarnarness er nú hulinn lausum jarðmyndunum og víða má sjá jökulruðning, t.d. á Valhúshæð. Strand- og fjörunmyndanir eru víða áberandi en fjörunórinn á Kotagrandi og í Bakkavík er til vitnis um landsig á nútíma. Sérstakt jarðhitasvæði er kennt við Seltjarnarnes, en talið er að þrjú heitavatnskerfi séu undir Nesinu. Landbrot á Seltjarnarnesi er víða töluvert og öðru hverju hafa orðið töluverðar skemmdir vegna sjávargangs og flóða. Í Bátsendaveðrinu 1799 gekk sjór yfir Nesið á rúmlega 500 metra breiðu belti. Rannsóknir benda til þess að landsig sé töluvert á Seltjarnarnesi.”

3. Framkvæmd og niðurstöður fornleifarannsókna við Bygggarðsvör

Markmið rannsókna var að kanna *umfang* og *aldur* mannvistarleifa við Bygggarðsvör með því að taka fjóra könnunarskurði á völdum stöðum upp af vörinni. Staðsetning könnunarskurða er afmörkuð með **rauðum** lit á 10. mynd. Skurðirnir eru samanlagt 14.5 fermetrar að flatarmáli, sem er um helmingi meira en áætlað var áður en rannsóknir hófust, enda er fornleifauppgröftur í raun *grunnrannsókn* og því illmögulegt að gera sér grein fyrir því fyrirfram hvað hann á eftir að leiða í ljós. Svo var einnig við Bygggarðsvörina, og því reyndist nauðsynlegt að framlengja könnunarskurðum A:1 og B:1 en þó einkum C:1 til að komast nær um *notagildi* og *aldur* minja í þeim skurðum. Minjarnar sem komu í ljós í könnunarskurðum C:1 og E:1 kölluðu auk þess á nánari könnun á sjávarbakkanum upp af vörinni (sbr. kafla 3.5).

Þegar Þórður Valdimarsson hjá Mælingu ehf hafði sett upp mælingahnitir, *hnitakerfi* fyrir rannsóknasvæðið (sjá 10. mynd) hófst uppgröftur þann 23. júní 2004 sem lauk 23. júlí. Í ágúst var unnið að nánari greiningu á *eldfjallagjósku* (gosösku) sem kom í ljós í könnunarskurðum og sjávarbakka, þar sem áætlaður aldur minja við Bygggarðsvör styðst að verulegu leyti við þekkt gjóskulög. Bryndís G. Róbertsdóttir land- og jarðfræðingur tók að sér að sinna þeim greiningum á rannsóknarstað (sjá *Viðauka I*).



10. mynd

Krossarnir + afmarka 5 metra millibil í hnitakerfi (x- og y- ás) á rannsóknarstað við Bygggarðsvör, þar sem **könnunarskurðir** eru aðgreindir í **rauðum** lit. Strikalínur afmarka svæði sem sköguðu yfir umhverfið, þar sem mannvirkjaleifar væri hugsanlega að finna. Loftmyndin er frá 25. ágúst 2001 (MHA 2005).

Aðstoðarmenn við rannsóknirnar voru þeir Sigmundur Korneliússon í fullu starfi og í hlutastarfi Hörður Páll Stefánsson, Jóhannes Hjartarson og Magnús Dan Ómarsson frá Vinnuskóla Seltjarnarness (sjá 11. og 12. mynd). Þó svo að þeir ungu heimamenn hafi ekki haft reynslu af fornleifarannsóknum skipti mestu að þeir höfðu áhuga á viðfangsefninu og lögðu sitt af mörkum við að afla upplýsinga um heimildarmenn o.fl. Og Hörður Páll lagði til eigið málmleitartæki sem kom að góðum notum við að nema málmfundi svo sem fingerða fiskiöngla.



11. mynd

Þrjú af fjórum aðstoðarmönnum Byggingarrannsóknna að störfum vegna jarðvegskönnunar við suðurenda Nesstofu 28. júní 2004. Talið frá vinstri Magnús Dan Ómarsson, Hörður Páll Stefánsson og Sigmundur Korneliússon (MHA 2004). Í skurðinum í forgrunni myndar má sjá kantsteina frá upprunalegri stétt við Nesstofu, sem grafin var fram síðastliðið vor.

Áður en kemur að nánari lýsingu á afrakstri uppgrftar í hverjum könnunarskurði fyrir sig, ber að greina frá helstu aðferðum sem styðjast má við til að áætla aldur fornminja. Þar ber fyrst að geta grunnaðferðafræði fornleifafræðinnar, *gerðþróunarfræðinnar* (typology), sem byggir á því að flokka formgerð fornminja í tíma, einkum *forngripa*.

Þegar unnt er að beita gerðþróunarfræðinni við tímasetningu fornminja ber samtímis að gæta annarra þátta í afrakstri uppgrftar, svo sem *innbyrðis afstöðu jarðlaga* (stratigraphy) til fornleifa og forngripa á staðnum. Á fagmáli kallast slíkur afstæður samanburður *afstæð tímatafsfræði* (relative chronology). Þessa afstæðu þætti ber einnig að hafa í huga við túlkun á *myntfundum*, einkum úr eðalmálum, því slík mynt var þyngdarinnar virði í gulli eða silfri og var því iðulega nýtt umtalsvert lengur en myntsláttutíminn gefur til kynna.

Hér á landi hefur *gjóskulögum* af þekktum uppruna og aldri verið beitt í vaxandi mæli til að áætla aldur fornleifa, en sérhvert gjóskulag er jafntímaflötur sem gefur afstæðan (relative) eða raunverulegan aldur þess umhverfis sem það finnst í. Sigurður Þórarinnsson jarðfræðiprófessor var upphafsmaður að gjóskutímatafsfræðinni (tephrochronology), en hann hóf að beita gjóskulögum markvisst við tímasetningu fornleifa í samnorrænum fornleifarannsóknum á bæjarstæðinu á Stöng og fleiri bæjarstæðum í Þjórsárdal sumarið 1939. Einkum hafði hann hliðsjón af tvískiptu gjóskulagi (VIIa+b) annars vegar, sem síðar er almennt kallað *Landnámslag* (sjá kafla 3.6), sem þá var talið að væri frá því skömmu eftir landnám, og hins vegar *Heklugjósku* frá því um 1300, sem hefði lagt byggð í Þjórsárdal í eyði. Þá tímasetningu leiðrétti Sigurður síðar miðað við Heklugos (H1) frá því um 1104, en það ártal hefur einkum verið miðað við þegar fjallað er um eyðingu Þjórsárdalsbyggðar.



12. mynd

Bryndís G. Róbertsdóttir að kanna gjóskulög í könnunarskurði A:1. Í bakgrunni má sjá hákarls-hjallinn við Bygggarðsvör og fjærst Gróttuvita ásamt nærliggjandi byggingum (MHA 2004).

Síðari rannsóknir á bæjarstæðinu á Stöng á níunda og síðasta áratug liðinnar aldar leiddu aftur á móti í ljós að búið var á staðnum fram yfir aldamótin 1200. Í þeim rannsóknum mátti greina byggingaleifar frá mismunandi tímum austan við skálann sem grafinn var upp 1939, en þar kom í ljós heimakirkja frá 11. öld að talið er sem reist var á grunni smiðju, en undir smiðjunni mátti greina skála frá landnámstíma o.fl.⁵⁾ Þessar rannsóknaniðurstöður frá mismunandi tímum sýna í raun að það er alls ekki gefið að niðurstöður fornleifarannsókna standist tímans tönn, ekki frekar en niðurstöður *gjóskutímatalafræðinnar* um uppruna og/eða aldur gjóskulaga. Aftur á móti búum við við kjöraðstæður til að nýta *þekkt gjóskulög* á þverfaglegum samstarfsgrunni til að áætla aldur jarðfastra fornleifa, og þá ekki einungis á einum og sama fornleifastaðnum (bæjarstæðinu, heiðnu eða kristnu gröfinni o.s.frv.) heldur einnig við samanburð á aldri fornleifastaða í fjarlægum landshlutum.

Frjógreiningar geta einnig varpað ljósi á gróðurfarsbreytingar á mismunandi tímum fyrir áhrif búsetu manna á viðkomandi fornleifastað eða búsetusvæði.

Að lokum ber að geta *kolefnisaldursgreiningaaðferðarinnar* (¹⁴C / radiocarbon dating og AMS/accelerator mass spectrometry) sem iðulega er beitt til að aldursgreina lífrænar leifar úr fornleifarannsóknum, svo sem á manna- og dýrabein, viðarleifar/viðarkol, frækorn og aðrar gróðurleifar.⁶⁾ Til að fá sem marktækastar aldursgreininganiðurstöður á viðarkol frá fornleifarannsóknum er mikilvægt að fela *viðafræðingi* (dendrochronologist) að

⁵⁾ Sigurður Þórarinnsson 1943, 1944 og 1970; Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson 1996.


⁶⁾ Páll Theodórsson 1982; Margrét Hermanns-Auðardóttir 1993, bls. 125⁵⁾ og 126¹³⁾.

velja sýni úr innlendum trjágreinum eða trjástofnum með eins fáum árhringum (þ.e. lágum aldri) og mögulegt er.

Að lokum ber að leggja áherslu á varðandi ofangreindar aðferðir sem beita má við tímasetningu fornleifa að þær fela samtímis í sér óvissuþætti eða frávik, og því heyrir það til undantekninga að þær geti sagt til um aldur fornminja upp á áratuginn. Aftur á móti geta áðurnefndar aðferðir gefið vísbendingar um frá hvaða tímaskeiði fornleifastaðurinn er, sem styðjast má við til að áætla innbyrðis aldur mannvirkjaleifa sem annarra mannvistarleifa á viðkomandi fornleifastað.

3.1 Könnunarskurður A:1

Upphaflega var ætlunin að skurðurinn yrði 1 x 4 m, en hann var framlengdur um 1 m og var því 5 fermetrar að flatarmáli í stefnu frá austri til vesturs (sjá 10. mynd). Gríðarstór steinn maraði í grassverðinum um miðjan skurð (13. mynd), en hann hafði greinilega borist þangað við framkvæmdir á liðinni öld. Grasi grónu hraukarnir umhverfis skurð A:1 (sbr. strikalínur á 10. mynd) reyndust einnig leifar frá slíku raski, þó það hafi ekki legið í augum uppi áður en uppgröftur hófst.




13. mynd

Grunnteikning af könnunarskurði A:1 (sbr. 10. mynd), þar sem m.a. má greina stórt bjarg sem lá efst í skurðinum og dreif af smásteinum, fingerða steinlögn. Stærri steinar í efri hluta teikningar (norðurhluta skurðar) eru hleðslusteinar frá mannvirkjum sem liggja utan skurðar (MHA 2005).

Jarðlagaskipan og mannvistarleifar:

Næst undir grassverði (1) var að finna hreyft *grófgerð moldarlag* (2), en neðst í því lagi meðfram suðurlangsníði skurðar kom í ljós *lag af smásteinum* (13. og 14. mynd). Þó ætla hafi mátt í fyrstu, að smásteinarnir væru leifar frá ruðningi frá liðinni öld þá bendir flest til að hér sé um fingerða *steinlögn* að ræða frá stíg eða gönguslóða. Í norðurhluta skurðar var að finna stærri steina (13. og 15. mynd) og einnig glitti í stærri steina við vesturendann á steinlögninni í suðurlangsníði skurðar (til hægri á 14. mynd). Hér er sennilega um *hleðslusteina* að ræða frá mannvirkjum sem liggja utan skurðar. Þeir steinar lágu á mörkum *grófgerða moldarlagsins* (2) og undirliggjandi *fingerðs moldarlags* (5). Í austurhluta skurðar komu í ljós einstaka *hleðslusteinar* í hreyfðu *þétu moldarlagi* (3) undir smágerðu steinlögninni (14. mynd). Neðst var að finna *moldarkennt fingert malarlag* (13) ásamt smærri steinum (sbr. 14. til og með 17. mynd), sem grafið var niður á í þessum könnunarskurði sem öðrum við Bygggarðsvör. Í því fingerða malarlagi, um miðjan skurð, var komið niður á klöpp / berggrunn úr grágrýti (15. mynd). Í lok þessa kafla er fjallað um gjóskulög sem gefa vísbendingar um aldur mannvistarleifa.




14. mynd

Suðurlangsníð í könnunarskurði A:1, þar sem sjá má bjarg fyrir miðjum skurði í hreyfðu grófgerðu moldarlagi (2), en neðst í því lagi var að finna fingerða steinlögn, sbr. skýringartexta við 13. mynd. Vinstra megin við bjargið má greina *Kötlugjósku*~1500 (rauðlituð) yfir hleðslusteinum í hreyfðu moldarlagi (3) undir steinlögninni, en það bendir til að menn hafi haldið til á staðnum allnokkru áður en sú *Kötlugjóska* féll við vörina um aldamótin 1500.

Einnig var að finna óhreyfða búta frá neðri hluta svonefnds *Landnámslags* (blágrænlituð) í þessu sníði sbr. umfjöllun um *Landnámslagið* í skýringartexta við 27. mynd.

Neðst í skurðinum kom í ljós moldarkennt fingert malarlag (13), þar sem m.a. má sjá klökk / berggrunn úr grágrýti, en grafið var niður á malarlagið í þessum skurði sem öðrum við Bygggarðsvör (MHA 2005).



15. mynd


Norðurlangsníð í könnunarskurði A:1, þar sem sést í hleðslusteinum frá mannvirkjum sem liggja utan skurðar (sbr. 13. mynd). Í fingerða moldarlaginu (5) undir hleðslusteinum má sjá búta af óhreyfðri *Kötlu*~1500 (rauðlituð) og hleðslusteinarnir hafa því verið færðir til fyrir þann tíma.

Gulu flekkirnir eru til marks um finkorna gjóskulag af óþekktum aldri, þar af á einum stað rétt undir *Landnámsgjósku* (blágrænlituð). Grænu flekkirnir afmarka forsögulega gjósku sem hefur verið rótað upp af manna völdum. Neðst í skurðinum er að finna fingert moldarkennt malarlag (13) ásamt klökk/berggunni úr grágrýti (MHA 2005).

Lausir fornleifafundir:


Fátt var um fundi í þessum skurði, enda fundanúmer einungis 4 (BY-2004-A:1:01 til og með A:1:04). Þar af kom í ljós í grófgerða moldarlaginu (2) næst undir grassverði (1), stykki úr hvítu *kornuðu einangrunarefni* eða *flotholti* og *hjør úr kopar*, sem eru frá liðinni öld. Í því lagi fannst einnig þverskorið *hvalbein*, nánar tiltekið hryggkota (*vertebrae*) úr hval, en ristar höfðu verið skorur í hliðarnar á hryggkotunni í um 1 sm fjarlægð frá sárinu, þar sem beinið hafði verið skorið þvert (36. mynd). Ekki er auðvelt að átta sig á því til hvers beinið hefur verið notað, en hér gæti verið um leifar frá verkfæri að ræða sem notað

var til að mæla möskvastærð á fisknetum. Rétt undir steinlögninni í austurhluta skurðar var að finna brot úr *rauðlitum brenndum leir* eða *múrsteini*.



16. mynd

Austurgafi könnunarskurðar A:1, en þar mátti greina bút frá fínkorna gjóskulagi (í gulum lit) af óþekktum aldri sbr. einnig skýringar við 15. mynd (MHA 2005).



17. mynd

Vesturgafi (vesturendi) könnunarskurðar A:1, þar sem sjá má smágerða steina frá fingerðri steinlögn (13. mynd) og fallna (óhreyfða) gjósku frá *Kötlum-1500* (**rauðlituð**) undir steinlögninni (MHA 2005).

Aldur mannvistarleifa:


Þar sem lausu fornleifafundirnir voru sárafáir og almenns eðlis er ekki unnt að styðjast við þá til að áætla aldur annarra mannvistarleifa. Aftur á móti var að finna fallna gjósku frá *Kötlum-1500* auk fleiri greinanlegra gjóskulaga í þessum skurði (sjá 14. til og með 17. mynd), þar af m.a. forsöguleg gjóskulög (15. mynd) sem hafði verið rótað upp af manna völdum. Það er þó fyrst og fremst Kötulgjóskan frá því um 1500 sem nýtist til að áætla aldur mannvistarleifa. Þar af er *steinlögnin* í suðurhluta skurðar (13. og 14. mynd) allnokkru yngri en *Katla-1500*. *Hleðslusteinarnir* í norðurhluta skurðar (13. og 15. mynd) virðast aftur á móti hafa verið færðir til skömmu eftir að Kötulgjóskan frá því um 1500 féll við vörina. Í austurhluta skurðar komu í ljós gjóskusneplar frá *Kötlum-1500* yfir einstaka *hleðslusteinum* í hreyfðu *þétu moldarlagi* (3) undir smágerðu steinlögninni (14. mynd), sem bendir til þess að menn hafi haldið til á staðnum allnokkru áður en Kötulgjóskan féll á staðinn um 1500. Sjá nánari umfjöllun um gjóskulögin (gosöskuna) í þessum skurði í *Viðauka I*.

3.2 Könnunarskurður B:1

Skurðurinn lá í stefnu frá norðri til suðurs og gekk í gegnum í norðurlanghlið á meintri rúst (sjá 8. og 10. mynd). Skurðurinn var upphaflega 1 x 2 m, en var framlengdur um ½ metra og var því 2.5 fermetrar að flatarmáli.

Jarðlagaskipan og mannvistarleifar:

Í grassverðinum (1) meðfram austurlanghlið skurðar komu í ljós stórir hleðslusteinar, sem reyndust tilheyra ytra og innra byrði í *grjótvegg* þegar grafið var dýpra (18. og 20. mynd). Veggfyllingin í grjótveggnum samanstóð aftur á móti af smærri steinum í fleiri lögum.




18. mynd

Grunnteikning af könnunarskurði B:1 (sbr. 10. mynd), en þar kom m.a. í ljós hlaðinn *grjótveggur*, sem talinn er vera frá verbúð eða sjóhúsi.

Ytra og innra byrði grjótveggjar eru afmörkuð af stærri steinum, en efsta lagið í veggfyllingunni samanstendur af smærri steinum þar sem m.a. má sjá brot úr sleggju, *fiskisleggju* (BY-2004-B:1:11), sbr. einnig 23. mynd.

Innan við (hægra megin við) grjótvegginn er að finna lag af stærri og smærri steinum, sem fiskur hefur verið breiddur á til þurrkunar. Rústin sem grjótveggurinn er frá hefur því þjónað hlutverki *fiskþurrkunarreits* að ætla má. Sjá einnig skýringar við 20. og 21. mynd (MHA 2005).



19. mynd

Grunnteikning af könnunarskurði B:1 ásamt næstefsta lagi í veggfyllingu (næst undir fyllingarlaginu á 18. mynd) í vinstra fleti teikningar, en í því lagi var m.a. að finna brot úr *fiskisleggju* (BY-2004-B:1:27), samanber einnig 23. mynd.

Innan við (hægra megin við) grjótvegginn má sjá lag af steinum (sem lá næst undir steinalaginu á 18. mynd), en ætla má að þeir sem gerðu út frá Bygggarðsvör hafi bætt við grjótlögum eftir þörfum inni í rústinni, þar sem fiskur var breiddur til þurrkunar (MHA 2005).


Innan við grjótvegginn komu í ljós lög af stærri og smærri steinum (18., 19., 20. og 21. mynd). Hér ber að benda á, að grjótveggurinn er byggður upp með sama hætti og

grjótveggirnir sem eftir standa við Bollagarðavör (22. mynd), en sú vör liggur allnokkru austar en Byggjarðsvör á norðanverðu Seltjarnarnesi (1. mynd).

Milli steinalaga innan við grjótvegginn og reyndar einnig í veggfyllingu að hluta, var að finna tvenns konar mannvistarlög; efra *grófgert moldarkennt mannvistarlag* ásamt skelja- og fiskbeinaleifum (2:1) og neðra *þétt moldarkennt mannvistarlag* einnig með skeljaleifum og fiskbeinum (3:1). Moldin er greinilega fokjarðvegur sem hefur hlaðist upp milli steina líkt og skeljaleifarar og fiskbeinin.

Ekki er ólíklegt að byggingin sem grjótveggurinn er frá, hafi upphaflega verið reist sem *verbúð* eða *sjóhús*, enda mátti sjá móta fyrir húsarúst á staðnum áður en rannsóknir hófust (sbr. kafla 2), en það hús virðist hafa náð lengra til suðurs þar sem malbikaðan stíg er nú að finna (8. og 10. mynd). Könnunarskurðurinn var því tekinn þar sem búast mátti við vegg í þeirri rúst. Undir neðsta steinalaginu innan við grjótvegginn (sbr. 20. og 21. mynd) var m.a. að finna viðarkolaleifar, sem bent gæti til að umrædd rúst hafi upphaflega þjónað hlutverki *verbúðar*. Ekki er þó útilokað að hér gæti verið um *sjóhús* að ræða, þar sem fiskur var verkaður og veiðarfæri voru geymd. *Steinalögin* innan við grjótvegginn (20. og 21. mynd) benda aftur á móti til þess, að eftir að byggingin lagðist af sem *verbúð* eða *sjóhús*, hafi menn fyllt upp í rústina stig af stigi með grjóti og nýtt hana sem *fiskþurrkunarreit* (sjá frekari umfjöllun um slíka reiti í kafla 3.4).

Undir innri hluta grjótveggjar var að finna *öskusmitað mannvistarlag* (svartlitað á 20. mynd) og einnig undir steinalögum innan við vegginn og í suðurgafli skurðar (21. og 24. mynd), en það mannvistarlag hefur myndast áður en grjótveggurinn var reistur. Þetta mannvistarlag er því *eldra* en húsið sem grjótveggurinn er frá, en í því lagi var að finna samfellda fallna gjósku frá Kötlu~1500 (21. og 24. mynd). Í öskusmitaða laginu var hvorki



20. mynd

Til vinstri: Teikning af norðurgafli könnunarskurðar B:1 þar sem greina má stærri steina í ytra byrði (norðurhluta) *grjótveggjar*, sbr. 18. og 19. mynd.

Til hægri: Austurlangsníð í könnunarskurði B:1, en þar sjást stærri steinar í ytra og innra byrði grjótveggjar frá *verbúð* eða *sjóhúsi* (sbr. 18. og 19. mynd) ásamt veggfyllingu sem samanstóð af smærri steinum.

Innan við (hægra megin við) grjótvegginn, þ.e. inni í umræddri rúst, komu í ljós lög af smærri og stærri steinum sem menn hafa notað til að breiða á fisk til þurrkunar.


Inni í milli steinalaga má greina tvenns konar mannvistarlög, efra *grófgert moldarkennt mannvistarlag* (2:1) og undir því *þétt moldarkennt mannvistarlag* (3:1). Í báðum þeim lögum var að finna bláskelja- og fiskbeinaleifar, sem eru til marks um það að mennu unnu við *beitingu* og *fiskverkun* á staðnum.

Undir veggfyllingunni í grjótveggnum og undir steinalögum innan við vegginn, kom í ljós *öskusmitað mannvistarlag*, afmarkað með **svörtum** lit (sbr. skýringar við 21. mynd), en það lag er eldra en *verbúðin* eða *sjóhúsið* sem grjótveggurinn er frá (MHA 2005).

að finna bláskeljaleifar, fiskbein né aðra fornleifafundi og því ólíklegt að það lag tengist sjósókn eða sjóhúsum, en því líklegra að það öskusmitaða lag megi rekja til þess að ösku

var dreift á tún Byggjarðs eða jafnvel til árvissrar sviðningar gróðurleifa á þeirri jörð (sjá einnig kafla 3.4 og 3.6).

Næst undir mannvistarlaginu kom ljós *fingert moldarlag* (5) án greinanlera merkja um mannavist og undir því var að finna *moldarkennt fingert malarlag* (13) ásamt smærri steinum, en grafið var niður á það lag í þessum könnunarskurði sem öðrum.



21. mynd

Til vinstri: Teikning af suðurgafli könnunarskurðar B:1, þar sem sjá má lög af steinum inni í rúst frá verbúð eða sjóhúsi að talið er, en á þau steinalög hefur fiskur verið breiddur til þurrkunar.

Öskusmitað mannvistarlag, afmarkað í **svörtum** lit, er til marks um elstu mannvistarleifar í þessum skurði, en það lag gæti hafa myndast þegar ösku var dreift á tún Byggjarðs eða jafnvel myndast fyrir áhrif árvissrar sviðningar gróðurleifa.

Til hægri: Vesturlangsníð í könnunarskurði B:1, en þar má greina stærri steina í ytra og innra byrði grjóttveggjar ásamt veggfyllingu sem samanstóð af smærri steinum. Innan við (vinstri megin við) grjóttvegginn sjást lög af smærri en þó einkum stærri steinum inni í umræddri rúst (18. og 19. mynd), sem menn notuðu til að breiða fisk á til þurrkunar eins og áður segir.

Í öskusmitaða mannvistarlaginu undir grjóttvegg og steinalögum, er að finna fallna gjóska frá *Köthlu~1500* (**rauðlituð** - sjá einnig 24. mynd) sem segir okkur, að það mannvistarlag hafi verið byrjað að myndast áður en sú gjóska féll við Byggjarðsvör um aldamótin 1500. (MHA 2005).

Lausir fornleifafundir:

Fundanúmer voru 42 (BY-2004-B:1:01 til og með B:1:42), og þar af náðu flest númer yfir *dýrabeinaleifar* úr mismunandi lögum, einkum *fiskbein* en einnig m.a. bein úr *sauðfé* og *fuglum*. Megnið af fiskbeinunum eru hryggjarliðir úr smáum sem stórum fiskum (líkt og í könnunarskurði E:1, kafla 3.4). Einnig fannst allnokkuð af *bláskeljum* og *bláskelja-brotum* frá *kræklingi* auk einstakra *öðuskelja*, en eftir því sem neðar dró í skurðinn bar meira á skeljaleifum. Ljóst er að bláskeljarnar eru til marks um að unnið var að *beitingu* á staðnum, en fiskbeinin eru aftur á móti leifar frá *fiskverkun*.

Ofarlega í skurðinum fannst brot úr hvítu *leirtau* með blágrænni kantrönd frá *skál* eða djúpu *fati* auk *glerbrota* sem voru græn að lit. Þar við má bæta 2 *steinsleggjubrotum* er komu í ljós ofarlega í veggfyllingu grjóttveggjar (sjá 18., 19. og 23. mynd), en hér er sennilega um *fiskisleggjur* að ræða (sjá nánar um slíkar sleggjur í kafla 4, bls. 39)

Meðal funda var einnig að finna *smíðagjallsmola* frá járnsmíðum og ryðgaða *járnfundu*, en þar af mátti greina brot úr stærri og smærri *nöglum* auk *hnoðnagla*. Í þessum skurði komu einnig í ljós *viðarbútar* og *viðarkol*, en viðarkolin var einkum að finna í *neðra moldarkennda laginu* (3:1) milli steinalaga innan við grjóttvegginn. Með kolefnisaldursgreiningu í huga var kolaður fingerður bútur úr trjágrein

tegundagreindur, sem reyndist vera frá víðitrjágrein með 27 áhringum.⁷⁾ Greinin hafði því náð að vaxa í 27 ár þegar hún var lögð í eldinn eða kurluð til kolagerðar. Aftur á móti í ljósi svo háls aldurs á smábúti úr trjágrein var horfið frá því að láta kolefnisaldusgreina hann.

Að lokum ber að geta *viðarbútar* (sem er um 1 sm í þvermál og um 1 sm á lengd) sem var *umvafinn koparþynnu*, en erfitt er að átta sig á því hvaða hlutverki gripurinn hafi þjónað sem þessi koparlagði viðarbútur er frá.



22. mynd

Mynd af garði hlöðnum úr grjóti við Bollagarðavör allnokkru austan við Bygggarðsvör á norðanverðu Seltjarnarnesi (sbr. 1. mynd). Sá *grjótgarður* er hlaðinn með sama hætti og grjótveggurinn frá verbúð eða sjóhúsi í könnunarskurði B:1 (18. og 19. mynd) og einnig grjótgarðurinn í könnunarskurði E:1 (33. og 34. mynd) og sjávarbakka við Bygggarðsvör (9. og 38. mynd). Ytra og innra byrði þeirra grjóthleðslna líkt og í garðinum á myndinni afmarkast af stórum hleðslusteinum en í milli þeirra er fyllt upp með smærri steinum (MHA 2004).

Aldur mannvistarleifa:

Ekki reyndist unnt að styðjast við lausa fornleifafundi til að tímasetja mannvistarleifar í þessum könnunarskurði. Aftur á móti var að finna samfellda fallna gjósku frá *Kötlum~1500* í *öskusmitaða mannvistarlaginu* undir grjótvegg og steinalögum í skurðinum (20. og 21. mynd), en greina mátti framhald á þeirri Kötlugjósku undir innra byrði grjótveggjar (24. mynd). Þetta elsta lag um mannavist í skurðinum hefur því byrjað að myndast skömmu áður en Kötlugjóskan frá því um 1500 féll við Bygggarð, en það lag er án lausafunda. Ekki er ólíklegt að það mannvistarlag megi rekja til þess að ösku var dreift á tún Bygggarðs eða jafnvel til árvissrar *sviðningar* gróðurleifa á þeirri jörð, en jarðarinnar er fyrst getið í ritheimildum í lok 14. aldar (sbr. kafla 1), þó þar með sé ekki sagt að jörðin eigi sér ekki eldri sögu. *Grjótveggurinn* frá verbúð eða sjóhúsi sem greina mátti í skurðinum hefur aftur á móti verið reistur eftir 1500, hugsanlega þegar á 16. öld. Eftir að hætt var að viðhalda því húsi hefur húsarústin verið nýtt sem *fiskþurrkunarreitur*.

⁷⁾ Ólafur Eggertsson sérfræðinutur á Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins á Mógilsá tegundagreindi og taldi áhringana í trjábútinum .



23. mynd

Brot úr *fiskisleggjum* (BY-2004-B:1:11 til vinstri og BY-2004-B:1:27 til hægri), sem komu í ljós í veggfyllingu í grjótvegg í könnunarskurði B:1 (sbr. 18. og 19. mynd), en sá veggur er talinn vera frá verbúð eða sjóhúsi. Mælikvarðinn milli sleggjanna er 10 sm (MHA 2005).




24. mynd

Litmynd af öskusmituðu mannvistarlagi undir innra byrði grjótveggjar í könnunarskurði B:1, þar sem er að finna samfellda gjósku frá *Kötlum*~1500 (**svörtu** rákirnar milli naglahausa) líkt og í vesturlangsníði skurðar (21. mynd). Það segir okkur að mannvistarlagið hafi verið byrjað að myndast skömmu áður en sú Kötlugjóska féll við Bygggarðsvör um aldamótin 1500 (MHA 2004).


3.3 Könnunarskurður C:1

Þessi skurður lá í stefnu frá austri til vesturs og hann var framlengdur um heila 3 m og varð því á endanum 1 x 5 m eða 5 fermetrar að flatarmáli (10. mynd), í stað 2 fermetra skv. upphaflegri áætlun. Sú framlenging var nauðsynleg til átta sig á því, hvort *torfveggurinn* sem kom í ljós í skurðinum hafi tilheyrt húsi eða garði.



25. mynd

Grunnteikning af könnunarskurði C:1, en þar má greina steinadreif ofarlega í skurðinum (sbr. 27. og 28. mynd), sem ekki er víst hvort sé frá steinlögn heldur gæti allt eins hafa myndast á liðinni og þarliðinni öld, þegar sjór hefur kastað fjörugrjóti upp á land í aftakaveðrum ú norðri (MHA 2005).




26. mynd

Grunnteikning af könnunarskurði C:1 þar sem sjá má ytri mörk *torfgarðs* frá landnámstíma ásamt stærri steinum efst í garðinum, en framhald á þeim garði var einnig að finna í sjávarbakka (39. og 40. mynd). Hér gæti verið um upphaflegan *bygggarð* að ræða, sem jörðin Bygggarður, Bygggarðsvör og Bygggarðstangi drógu nafn sitt af, en bygggarðsörnefnið bendir til að garð hafi verið að finna á svæðinu sem reistur var utan um landskika undir byggrækt (MHA 2005).

Jarðlagaskipan og mannvistarleifar:

Næst undir grassverði (1) kom í ljós hreyft *grófgerð moldarlag* (2) og efst því lagi var að finna *steinadreif* (sjá 25., 27. og 28. mynd), hugsanlega frá einfaldri steinlögn líkt og í könnunarskurði A:1 (kafla 3.1). Þar sem steinadreifin liggur rétt undir grassverði gæti þó allt eins verið um fjörugrjót að ræða, sem sjór hefur náð að þeyta upp á land í aftakaveðrum úr norðri. Í *fingerða moldarlaginu* (5) næst undir grófgerða laginu og steinadreifinni var að finna gjósku frá *Kötlum*~1500 og hugsanlega svonefnt *miðaldalag* (28. mynd) auk forsögulegs gjóskulags (27. mynd). Og efst í fingerða moldarlaginu, fyrir miðjum skurði, var komið niður á stóran hleðslustein sem lá efst í *garðhleðslu úr torfi* (28. mynd), þar sem greina mátti m.a. snepla úr tvískiptu gjóskulagi, svonefndu *Landnámslagi*, þ.e. gjóskufalli frá landnámstíma. Landnámslagið var einnig að finna samfelld rétt *undir* torfgarðinum á allt að eins metra löngum kafla, þar sem það lá fast við *milligrátt, fingert gjóskulagi* (sjá 27. og




27. mynd

Suðurlangsníð í könnunarskurði C:1, en efst í því sniði má sjá steinadreif undir grassverði (1) og einnig í norðurlangsníði skurðar (28. mynd), sbr. skýringar við 25. mynd.

Í fingerðu moldarlagi (5) næst undir má sjá útlínur garðs sem hlaðinn var úr torfi (sbr. 26. mynd) ásamt Landnámslagi (blágrænliðað). Það tvískipta gjóskulag er upprunið frá eldgosum sem áttu sér stað um 870-880. Torfið hefur verið rist í garðinn ekki ýkja löngu eftir að Landnámslagið féll á Framnes Seltjarnarnes, því rétt undir garðinum var einnig að finna óhreyft Landnámslag sem hefur varðveist óraskað undir garðinum ásamt finkorna gjóskulagi af óþekktum aldri (gullliðað). Við neðri mörk garðsins rétt við Landnámslagið var að finna kornkennt lag með stórgróum frá mosajafna eða álftalauk, sem einkennt er með hvítum punktalínum (sjá einnig 39. mynd), en mosajafna var að finna við gróðurannsóknir á Seltjarnarnesi árið 1987, en álftalauk aftur á móti ekki.

Rauðlituðu flekkirnir afmarka gjóskubúta frá Kötlu~1500 og þeir grænu forsögulega gjósku. Þar af hefur gjóskubútinum (græna) yfir garðinum verið rótað upp af manna völdum (MHA 2005).



28. mynd

Norðurlangsníð í könnunarskurði C:1, þar sem greina má steinadreif undir grassverði (1) líkt og í suðurlangsníði skurðar (27. mynd), sbr. einnig skýringar við 25. mynd.


Efst í torfgarðinum var að finna stærri steina (sjá 26. mynd), en aftur á móti ekki í suðurlangsníði skurðar (27. mynd) né heldur þar sem greina má framhald á torfgarðinum í sjávarbakka (39. og 40. mynd). Varðandi Landnámslagið (blágrænliðað) og aldur garðsins o.fl., sjá skýringar við 27. mynd. Rauði flekkurinn vinstra megin við garðinn afmarkar gjóskubút frá Kötlu~1500 og bleiki flekkurinn hægra megin við garðinn gæti verið gjóskubútur frá svonefndu Miðaldalagi~1226, sbr. Viðauka I (MHA 2005).

28. mynd), sem kallar á efnagreiningar svo unnt sé að átta sig á uppruna þess. En rétt ofan við óhreyfða Landnámslagið greindi Bryndís G. Róbertsdóttir örsmáar ljósar agnir, sem við nánari könnun hennar reyndust vera lífrænar leifar. Margrét Hallsdóttir sérfræðingur á Náttúrufræðistofnun Íslands tegundagreindi þær leifar sem stórgró frá mosajafna (*Selaginella selaginoide*) eða álftalauk (*Isoetes echinospora*), en mosajafni fannst á

Seltjarnarnesi við gróðurannsóknir árið 1987 en álftalaukur aftur á móti ekki.⁸⁾ Samanber einnig umfjöllun um þessar plöntuleifar og gjóskulög í kafla 3.5 og 3.6 og *Viðauka I*. Neðsti hluti torfgarðsins er um 165 sm á breidd og allt frá 5 til 20 sm á hæð í suðurlangsníði skurðar (26. og 27. mynd), en í norðurlangsníði er hann 185 sm þar sem hann er breiðastur og allt að 25 sm hár (28. mynd). Torfgarðurinn minnir því á *skilagarða* eða *þrælagarða* frá fyrstu öldum byggðar sem þegar hafa verið kannaðir.⁹⁾ Geta má sér þess til, að hér sé um *bygggarðinn* að ræða sem Bygggarður, Bygggarðsvörin og Bygggarðstanginn eru kennd við. En örnefnið bendir til garðs, sem reistur hefur verið utan um landskika þar sem bygg var ræktað.


Hér ber að benda á, að *steinadreifina* sem áður er getið var að finna beggja vegna við torfgarðinn þar sem hann bar hæst í skurðinum (25. og 26. mynd).

Í þessum könnunarskurði sem öðrum var grafið niður á *moldarkennt fingert malarlag* (13) (sjá 27. mynd til og með 30. mynd).



29. mynd

Vesturgafli könnunarskurðar C:1 (MHA 2005).



30. mynd

Austurgafli könnunarskurðar C:1, þar sem m.a. má sjá einstaka steina í hreyfðu grófgerðu moldarlagi (2) undir grassverði (MHA 2005).

Lausir fornleifafundir:

Lausu fundirnir voru tiltölulega fáir (BY-2004-C:1:01 til og með C:1:12) og almenns eðlis, en þá var alla að finna í grófgerða moldarlaginu (2) yfir *steinadreifinni* í skurðinum (27. og 28. mynd). Af þeim fundum ber einna helst að geta glærra og litaðra *glerbrota* úr rúðum eða flöskum, ryðgaðra *nagla* og *hnoðnagla* úr járni auk *smíðagjallsmola* frá járnsmíðum.

⁸⁾ Kristbjörn Egilsson 1997, bls. 37-39 og 96; Margrét Hallsdóttir 1993, bls. 4.

⁹⁾ Sjá t.d. Sigurður Þóarinsson 1982; Bryndís G. Róbertsdóttir og Haukur Jóhannesson 1986.


Aldur mannvistarleifa:

Líkt og í öðrum könnunarskurðum gefa lausafundir litlar vísbendingar um aldur mannvistarleifa, en þá var eingöngu að finna í grófgerða moldarlaginu (2) yfir *steinadreifinni* ofarlega í skurðinum (25., 27. og 28. mynd). Hvort heldur steinadreifin er til marks um grjót sem sjór hefur kastað upp á land eða steinlög, þá er hún greinilega allnokkru *yngr* en *Kötlugjóskan* frá því um 1500 (sbr. 27. og 28. mynd). En steinadreifin gæti alls eins verið frá liðinni og þarliðinni öld.

Torfgarðurinn sem lá í gegnum skurðinn (26. mynd) var reistur ofan á og þétt við *Landnámslagið* svonefnda (sjá 27. og 28. mynd), en um það tvískipta gjóskulag sem önnur gjóskulög í þessum könnunarskurði er nánar fjallað í *Viðauka I*. Hér ber samtímis að geta þess að tvískipta *Landnámslagið* er annars vegar upprunnið frá eldgosi í Vatnaöldum (í Veiðivötnum) og hins vegar eldgosi á Torfajökulsvæðinu, en gjóskukorn úr báðum hlutum Landnámslagsins hafa greinst í borkjörnum úr Grænlandsjökli sem hafa verið tímasett út frá íslögum í jöklinum til um 870-880.¹⁰⁾ Um þá tímasetningu á Landnámslaginu er ekki deilt meðal jarðfræðinga, og því eru fornleifar (mannvirkjaleifar og mannvistarlög) sem er að finna undir Landnámslaginu eldri en það lag og eru því frá því fyrir 870 sbr. umfjöllun um elstu byggðaminjar í Reykjavík í kafla 3.6, sem eru eldri en Landnámslagið. Aftur á móti er torfgarðurinn við Byggjarðsvörina eitthvað yngri en Landnámslagið, sennilega frá síðari hluta landnámstímans sem talið er að hafi lokið endanlega á fyrri hluta 10. aldar. Torfið í garðinn hefur því verið rist ekki ýkja löngu eftir að Landnámslagið féll á Seltjarnarnes. Sá torfgarður er álika gamall og elstu þekktu minjar í Nesi sem einnig liggja rétt ofan við Landnámslagið, þar af m.a. hringlaga gerði í túninu vestur af Nesstofu.¹¹⁾ Torfgarðurinn við Byggjarðsvörina hefur því verið reistur af þeim sem nýttu Framnes Seltjarnarnes á síðari hluta landnámstímans líkt og hringlaga gerðið í Nesi.

3.4 Könnunarskurður E:1

Könnunarskurður E:1 var 1 x 2 m eða 2 *fermetrar* að flatarmáli og hann lá í stefnu frá norðri til suðurs (sjá 8. og 10. mynd).




31. mynd

Grunnteikning af efsta grjótlagi í könnunarskurði E:1 þar sem menn hafa breitt fisk til þurrkunar. Flest bendir til að hér sé um leifar frá afgirtum *fiskþurrkunarreit* eða stakkstæði að ræða (sbr. 37. mynd). Sjá einnig skýringar við 33. og 34. mynd (MHA 2005).

¹⁰⁾ Grönvold o.fl. 1997; Zielenski o.fl. 1997.

¹¹⁾ Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson 1990; Kristinn Magnússon o.fl. 1995; Hildur Gestsdóttir og Orri Vésteinnsson 1996.



32. mynd

Grunnteikning af grjótlagi neðarlega í könnunarskurði E:1, en ætla má að þeir sem gerðu út frá Byggarðsvör hafi bætt við grjótlögum eftir þörfum í *fiskþurrkunarreitinn* sem talið er að hér hafi staðið (MHA 2005).


Jarðlagaskipan og mannvistarleifar:

Í og undir grassverðinum (1) efst í þessum skurði var að finna allþykkt *laust sandkennt mannvistarlag* (2:2) ásamt umtalsverðu magni af bláskelja- og fiskbeinaleifum og fleiri lausafundum, en þetta lag teygði sig einnig niður á við inn í milli undirliggjandi steinalaga (31., 33. og 34. mynd). Undir sandkennda laginu var að finna *þétt moldarkennt mannvistarlag* (3:2) í kringum neðri steinalögin í skurðinum (32., 33. og 34. mynd). Í því lagi var einnig að finna bláskeljaleifar og fiskbein. Bláskeljarnar eru til marks um að unnið var að *beitingu* á staðnum, en fiskbeinin eru aftur á móti leifar frá *fiskverkun*.

Áður en rannsóknirnar hófust gat ég mér þess til, að á svæði *E* þar sem könnunarskurður E:1 var tekinn og einnig innan svæðis merkt *F* (sjá 8. og 10. mynd), gæti verið að finna leifar frá afgirtu *stakkstæði* eða *fiskþurrkunarreit* sbr. umfjöllun um það í kafla 2. Það sem styður enn frekar við tilgátuna um að slíkan afgirtan reit hafi verið að finna innan svæðis *E*, er grjótteggurinn í vesturlangsníði skurðar E:1 (sjá 34. mynd), en framhald á þeim grjóttgarði má sjá í sjávarbakkanum rétt NNV af skurðinum (9. og 38. mynd). Sá *grjótteggur* hefur afmarkað vesturhluta *fiskþurrkunarreitsins* innan svæðis *E*. Umtalsvert magn fiskbeina frá fiskverkun í þessum skurði ýtir enn frekar undir það, að hér sé um leifar frá *fiskþurrkunarreit* að ræða. En slíkir afgirtir reitir ásamt *kasarreit*, *fiskgörðum* og *fiskbyrgi* þar sem fiskur var verkaður og þurrkaður, fylgdu hverri jörð í Vestmannaeyjum um miðja 19. öld (37. mynd)

Undir áðurnefndum grjóttegg og steinalögum kom í ljós *öskusmitað mannvistarlag* áþekkt því sem var að finna næstu undir mannvirkjaleifum í könnunarskurði B:1 (sbr. kafla 3.1), nema hvað mannvistarlagið var samfelt og þykkara í þessum skurði (33. og 34. mynd). Við neðri mörk *öskusmitaða mannvistarlagsins*, en þó einkum rétt undir því, var að finna gjösku frá *Kötlum-1500*, sem nánar verður greint frá í umfjölluninni um aldur mannvistarleifa. Sé á hinn bóginn haft í huga að engar bláskeljaleifar eða fiskbein var að finna í þessu *öskusmitaða mannvistarlagi* (né heldur aðra lausafundi) er *ekki* líklegt að það lag tengist sjósókn eða sjóhúsum. Aftur á móti er öllu líkleggra að það lag hafi myndast þegar *ösku* var dreift var á tún Byggarðs eða fyrir áhrif árvissrar *sviðningar* gróðurleifa á þeirri jörð (sbr. einnig kafla 3.2 og 3.6).

Undir *öskusmitaða mannvistarlaginu* var að finna óhreyft *fingert moldarlag* (5) og því næst *moldarkennt fingert malarlag* (13) ásamt smærri steinum, sem grafið var niður á hér líkt og í öðrum könnunarskurðum.



33. mynd

Til vinstri: Austurlangsníð í könnunarskurði E:1, en þar sjást grjótlög með stærri og smærri steinum sem fiskur var breiddur á til þurrkunar.


Ofan á og í milli grjótlaga kom í ljós laust sandkennt mannvistarlag (2:2) ásamt umtalsverðu magni af skelja- og fiskbeinaleifum, en þær leifar ásamt fiskiönglum (35. mynd) benda til þess að menn hafi unnið við *beitingu* og *fiskverkun* á staðnum allt fram á liðna öld.

Í þetta moldarkennda mannvistarlaginu (3:2), næst undir því fyrrnefnda, var einnig að finna allnokkurt magn fiskbeina og skeljaleifar.

Öskusmitaða mannvistarlagið (svartlitað) er eldra en grjótlögin ofar í skurðinum, en það lag er án lausafunda, og það gæti hafa myndast þegar ösku var dreift á tún Bygggarðs eða jafnvel við árvissa sviðningu gróðurleifa á þeirri jörð.

Óhreyfð gjóska frá *Kötlu*~1500 (*rauðlituð*) kom í ljós þétt við neðri mörk öskusmitaða lagsins, en það mannvistarlag hefur því byrjað að myndast að ætla má skömmu eftir aldamótin 1500.

Til hægri: Suðurgafll könnunarskurðar E:1, en stóru hleðslusteinar eru frá innra byrði *grjótgards* sem umlék fiskþurrkarreitinn sem hér um ræðir. Sjá einnig skýringar við 34. mynd (MHA 2005).



34. mynd

Til vinstri: Vesturlangsníð í könnunarskurði E:1, en þar má einkum sjá stóra hleðslusteina sem eru frá innra byrði *grjótgards*, sem umlukið hefur fiskþurrkarreitinn sem hér stóð. Framhald á grjótgardinum mátti einnig greina í sjávarbakka rétt NNV við þennan skurð (9. og 38. mynd).

Til hægri: Norðurgafll könnunarskurðar E:1, en þar sjást lög af steinum af smærri gerðinni líkt og í vesturlangsníði skurðar (til vinstri á 33. mynd), sem fiskur var breiddur á til þurrkunar. Undir steinalögum þétt við neðri mörk *öskusmitaða mannvistarlagsins (svartlitað)* var að finna fallna gjösku frá *Kötlu*~1500 (*rauðlituð*), en það mannvistarlag hefur því byrjað að myndast skömmu eftir aldamótin 1500 (MHA 2005).

Lausir fornleifafundir:

Lausafundum var safnað saman (E:1:01 – E:1:16) og þeir flokkaðir eftir því, hvort þá var að finna í áðurnefnda *lausa sandkennda mannvistarlaginu* (2:2) eða *þetta moldarkennda mannvistarlaginu* (3:2) sem lá næst undir því fyrrnefnda. Þar sem um mikið magn *bláskeljaleifa* frá *kræklingi* var að ræða, þá var einungis hluta þeirra haldið til haga auk einstakra *öðuskelja*. Magn *fiskbeina* var umtalsvert, einkum hryggjarliðir úr ýmsum fisktegundum, stórum og smáum (og svo var einnig í könnunarskurði B:1, sbr. kafla 3.2).



35. mynd

Fiskiönglar frá liðinni öld úr lausa sandkennda mannvistarlaginu (2:2) sem lá yfir og inni í milli steinalaga í efri hluta könnunarskurðar E:1 (33. og 34. mynd) og í sjávarbakka (39. og 40. mynd). Mælikvarðinn til hliðar við önglana er 10 sm (MHA 2005)



36. mynd

Efst: smíðaðir naglar af stærri gerðinni (BY-2004-E:1:01 til vinstri og BY-2004-E:1:08 til hægri). *Næst til hægri:* brotin stika úr hvalbeini (BY-2004-E:1:02), en ofan við brotið höfðu verið ristar 3 skorur með um 1 sm millibili. Þessi brotna stika gæti verið leifar frá *seilarnál*, en með slíkri nál var fiskur seilaður (þræddur) á seil (seilaról) sem dregin var undir tálkn og (venjulega) út um augað (sbr. Lúðvík Kristjánsson, 1985, bls. 148).


Næst til vinstri: hryggkota úr hval (*vertebrae*) úr könnunarskurði A:1 (BY-2004-A:1:03) sem gæti verið leifar frá verkfræði sem notað var til að mæla möskvastærð á fisknetum. Greina má tvær skorur á hliðum hryggkotunnar í um 1 sm fjarlægð frá sárinu, þar sem beinið hafði verið skorið þvert. Mælikvarðinn á myndinni er 10 sm (MHA 2005).

Í grassverðinum (1) yfir skurðinum var að finna brot úr blámáluðum *viðarborðum* (efst til hægri á 33. og efst til vinstri á 34. mynd) með ryðguðum nöglum og hnoði/hnoðnöglum, sem ekki er ólíklegt að sé úr bát frá liðinni öld. Einnig var að finna *smáviðarbúta* milli steinalaga neðar í skurðinum.

Af ryðguðum *járnfundum* ber helst að nefna *fiskiöngla* af mismunandi stærðum (35. mynd), stóran *járnnacla* sem hefur verið smíðaður (en ekki steypdur), en tvo slíka nagla var einnig að finna austan við könnunarskurðinn (36. mynd). Rétt vestan við skurðinn lá brotin stíka úr hvalbeini, en ofan við brotið höfðu verið ristar 3 skorur með um 1 sm millibili. Stíkan gæti verið leifar frá *seilarnál* (sbr. skýringar á 37. mynd). Þessir fundir utan skurðar virðast hafa lent þar þegar sjávarbakkinn rétt norður af skurðinum var sleginn með sláttuorfi áður en uppgröftur hófst. Neðarlega í skurðinum við neðstu steinalögnina fannst *járnsalli* sem gæti verið *gjall* frá járnsmíðum.

Aldur mannvistarminja:

Lausir fornleifafundir voru það almenns eðlis í þessum skurði að þeir nýtast ekki til að áætla aldur mannvistarleifa í skurðinum. Margt bendir til að *lausá sandkennda mannvistarlagið* (2:2) ásamt skelja- og fiskbeinaleifum og fleiri lausafundum efst í skurðinum, sem einnig náði niður í milli steinalaga (sjá 33. og 34. mynd), sé frá fyrri hluta liðinnar aldar og öldinni næst á undan. Og *þetta moldarkennda mannvistarlagið* (3:2) ásamt skelja- og fiskbeinaleifum m.m. (3:2) næst undir í milli neðstu steinalaga í skurðinum, gæti náð allt aftur til loka 16. aldar eða 17. öld, líkt og þau steinalög og *grjótgarðurinn* sem greina mátti í vesturkanti og suðurgafli skurðar. Þessar minjar eru augljóslega frá *sjósókn*, og hvað ekki kemur á óvart því aðstæður hafa óviða verið betri til sjósóknar á Seltjarnarnesi en við Bygggarðsvör sem lá í vari við Bygggarðstangann. *Öskusmitaða mannvistarlagið* (4) undir grjótvegg og steinalögum í skurðinum hefur aftur á móti byrjað að myndast snemma á 16. öld, skömmu eftir að gjóska frá *Kötlum-1500* féll við vörina. Alltént er ekki annað að sjá en mannvirkjaleifar og tengd lög í þessum skurði séu til marks um samfellda mannavist á staðnum allt niður á *öskusmitaða mannvistarlagið* frá 16. öld. Það mannvistarlag er án skelja- og fiskbeinaleifa og annarra lausafunda og gæti því hafa myndast þegar *ösku* var dreift á tún Bygggarðs eða jafnvel fyrir áhrif árvissrar *sviðningar* gróðurleifa á þeirri jörð.



37. mynd

Teikning af afgirtum *fiskþurrkunarreit* eða stakkstæði ásamt *fiskgörðum*, *fiskbyrgi* og *kasarreit*. Slíkir reitir fylgdu hverri jörð í Vestmannaeyjum fram um miðja 19. öld. Líkanið sem teikningin er af, gerði Kristinn Ástgeirsson (afi Ása í Bæ; Ástgeirs Ólafssonar) en það líkan er að finna í Byggðasafni Vestmannaeyja (Teikning: Bjarni Jónsson sbr. Lúðvík Kristjánsson 1985, bls. 291).

3. 5 Sjávarbakki svæði E

Stefna *torfgarðsins* í könnunarskurði C:1 (26. mynd), gaf tilefni til að ætla að *garðurinn* stefndi til NNV inn á svæði *E* (sjá 8. og 10. mynd). Og svo reyndist vera þegar sjávarbakkinn á því svæði var hreinsaður, því þar var framhald á garðinum að finna (sjá 39. og 40. mynd).

Jarðlagaskipan og mannvistarleifar:

Þar sem sjávarbakkinn er ekki varinn fyrir ágangi sjávar var farið eins grunnt inn í hann og mögulegt var til að forða því að hann færi á skrið. Og því var grassvörðurinn (1) sem verptist fram yfir bakkann látinn halda sér að mestu (sjá 39. og 40. mynd).

Næst við grassvörðinn mátti greina *laust sandkennt mannvistarlag* (2:2) ásamt bláskelja- og fiskbeinaleifum og fleiri lausafundum líkt og í könnunarskurði E:1, en það lag var laust í sér og verptist fram yfir *fingerða moldarlagið* (5) næst undir. Hér var aftur á móti ekki að sjá *þetta moldarkennda mannvistarlagið* sem kom í ljós milli neðstu steinalaga í könnunarskurði E:1, né heldur *öskusmitaða mannvistarlagið* sem greina mátti næst undir steinalögum og grjótgarði í þeim skurði.

Fingerða moldarlagið (5) umlék aftur á móti *torfgarðinn* í sjávarbakkanum líkt og í könnunarskurð C:1 (sbr. kafla 3.3). Í hleðslutorfi garðsins mátti greina snepla og allt upp í 30 til 35 sm samfelld lög af tvískiptu *Landnámslagi* (39. mynd). Og rétt undir torfgarðinum lá óhreyft *Landnámslag* á 50-60 sm löngum kafla og rétt yfir því lagi var einnig að finna stórgró frá *mosajafna* (*Selaginella selaginoides*) eða *álftalauk* (*Isoetes echinospora*) sem samanber umfjöllun um þær plöntuleifar í könnunarskurði C:1 (kafla 3.3). Garðurinn reyndist vera rúmlega 190 sm á breidd og allt að 30 sm hár, en hann hefur verið allnokkru hærrí þegar hann var hlaðinn forðum. Eins og áður hefur verið greint frá (kafla 3.3) er ekki ólíklegt að torfgarðurinn sé leifar frá upphaflegum *bygggarði* sem jörðin Bygggarður, Bygggarðsvör og Bygggarðstanginn eru kennd við. Sé miðað við stefnu torfgarðsins til NNV frá könnunarskurði C:1 yfir að sjávarbakka, þá hefur garðurinn náð út á Bygggarðstangann. Auk þess er mjög líklegt að framhald á garðinum til suðurs sé að finna austan við könnunarskurð A:1 (sjá 10. mynd).

Neðst í sniðinu í sjávarbakkanum (39. mynd) má sjá sama *moldarkennda fingerða malarlagið* (13), sem einnig var grafið niður á í könnunarskurðum.

Um 3 metrum vestan við torfgarðinn í sjávarbakkanum er að finna hlaðinn *grjótgarð* (9. og 38. mynd), en stóru hleðslusteinarnir í vesturlangsníði könnunarskurðar E:1, rétt innan við sjávarbakkann (34. mynd), eru til marks um framhald á þeim grjótgarði til suðurs. Sá grjótgarður hefur afmarkað vesturhluta afgirta *fiskþurrkunarreitsins* sem hér stóð, en hann er hlaðinn með sama hætti og grjótgarðurinn í könnunarskurði B:1 (20. og 21. mynd). Sams konar grjóthleðslur má enn sjá við Bollagarðavör (22. mynd), sem liggur allnokkru austan við Bygggarðsvör á norðanverðu Seltjarnarnesi.

Að lokum ber að geta *járnteins* undir sjávarbakkanum rétt austan við torfgarðinn (40. mynd og G á 8. mynd), sem heimabátar og/eða brautarteinar gætu hafa verið festir við, en slíka teina var að finna í vörinni á liðinni öld (sbr. kafla 2).


Lausir fornleifafundir:

Þeir lausafundir sem komu í ljós í *lausa sandkennda mannvistarlaginu* (2) undir grassvörðinum (1) þegar sjávarbakkinn var hreinsaður (40. mynd), voru einkum *skeljaleifar* auk *fiskbeina*, þar af einkum hryggjarliðir úr smærri fiski. Í því lagi var einnig að finna ryðgaða *járnfundu*, einkum stærri og smærri *nagla* og *hnoðnagla* auk *fiskiöngla*.



38. mynd

Veggur hlaðinn úr grjóti í sjávarbakka rétt NNV við könnunarskurð E:1 (sbr. einnig 9. mynd), en framhald á þeim garði var að finna upp af sjávarbakkanum í skurði E:1 (33. og 34. mynd). Grjótgarðurinn er talinn vera frá afgirtum fiskþurrkunarreit, sem gengið hefur verulega á fyrir áhrif landbrots sem verið hefur umtalsvert meðfram strandlengju Seltjarnarness (MHA 2004).



39. mynd

Snið í sjávarbakka norðaustur af könnunarskurði E:1, en undir framskriðna grassverðinum (1) efst í sniðinu kom í ljós sama lausa sandkennda mannvistarlagið (2:2) og var að finna ofarlega í könnunarskurði E:1. Í því sandkennda lagi mátti greina umtalsvert magn skelja- og fiskbeinaleifa auk fiskiöngla (35. mynd) og fleiri lausafunda, sem eru leifar frá því unnið var við *beitingu* og *fiskverkun* á staðnum á liðinni og þarliðinni öld.

Hér má einnig sjá framhald torfgarðsins sem kom fyrst í ljós í könnunarskurði C:1 (26., 27. og 28. mynd). Stefna garðsins til NNV bendir til að torfgarðurinn hafi upphaflega náð út á Bygggarðs-tangann vestanvert við rennuna í Bygggarðsvörinni, en vegna landsigs, sjávarstöðuhækkunar og afleiðandi landbrots er sá tangi klappir einar í dag.

Í þessu sniði mátti einnig greina tvískipt *Landnámslag* (blágrænliða) í hleðslu garðsins, en það gjóskulag er upprunið frá eldgosum sem áttu sér stað um 870-880, sbr. skýringar við 27. mynd. Rétt undir garðinum var einnig að finna fallið (óhreyft) Landnámslag, sem hefur varðveist óraskað undir garðinum og einnig stórgró frá mosajafna eða álftalauk við neðri mörk torfgarðsins, sem einkennd eru með hvítum punktalínunum (MHA 2005).



40. mynd

Mynd tekin frá norðaustri af sniðinu af torfgarðinum frá landnámstíma í sjávarbakkanum upp af Bygggarðsvörinni sbr. skýringartexta við 39. mynd. Uppi á bakkanum sést í hákarlshjallinn við vörina og í forgrunni járntein frá liðinni öld, sem bátar gætu hafa verið festir við eða brautarteinarnir sem áður var að finna í vörinni. Tommustokkurinn neðan við járnteininn er 35 sm langur (MHA 2004).

Aldur mannvistarleifa:

Ryðguðu járnfundirnir úr *sandkennda laginu* (næst undir grassverði) í sjávarbakkanum eru ýmist frá liðinni öld eða öldinni næst á undan. Og *járnteinninn* (40. mynd og G á 8. mynd) undir sjávarbakkanum er frá liðinni öld, og því ekki ýkja gamall.

Grjótgarðurinn sem greina má í sjávarbakkanum (9. og 38. mynd) er framhald á grjótgarðinum sem kom í ljós í könnunarskurði E:1 (34. mynd), sem gæti hafa verið reistur í lok 16. aldar eða á 17. öld.

Aftur á móti má ætla með hliðsjón af *Landnámslaginu* svonefnda og öðrum jarðlögum á staðnum, að *torfgarðurinn* í sjávarbakkanum (39. og 40. mynd), sem er framhald á torfgarðinum í könnunarskurði C:1 (26., 27. og 28. mynd), hafi verið reistur á svipuðum tíma og elstu þekktu minjar í Nesi, en þær minjar liggja einnig rétt ofan við óhreyft Landnámslag (sbr. kafla 3.3). Alltént er Landnámslagið að finna óhreyft rétt undir torfgarðinum hér líkt og í könnunarskurði C:1, sem bendir til þess að ekki hafi liðið langur tími frá því Landnámslagið féll á Seltjarnarnes um 870 þar til torfið var rist í garðinn. Torfgarðurinn hefur því verið reistur af þeim sem bjuggu á Framnesi Seltjarnarness undir lok landnámstímans á fyrri hluta 10. aldar.

3. 6 Helstu niðurstöður

Niðurstöður rannsóknanna við Bygggarðsvör leiddu í ljós, að þar er að finna misgamlar minjar allt frá lokum landnámstímans.

Minjar eftir 1500 sem m.a. tengjast sjósókn

Eftirtaldir mannvirkjaleifar var að finna ofan við fallna gjósku (gosösku) frá *Kötlu~1500*, og þær leifar eru því *yngrí* en Kötlugjóskan, þ.e.:

- Fíngerð *steinlögn* ofarlega í suðurhluta könnunarskurðar A:1.
- *Hleðslusteinar* í vesturhluta könnunarskurðar A:1, sem borist hafa þangað frá mannvirkjum sem liggja utan skurðar.
- Hlaðinn *grjótveggur* frá verbúð eða sjóhúsi í könnunarskurði B:1.
- *Steinalög* innan við grjótvegginn í könnunarskurði B:1, en á þau steinalög var fiskur breiddur til þurrkunar.
- *Steinadreif* undir grassverði í könnunarskurði C:1.
- Hlaðinn *grjótgarður* frá afgirtum fiskþurrkunarreit eða stakkstæði í könnunarskurði E:1, sem einnig mátti greina í sjávarbakka.
- *Steinalög* innan við grjótgarðinn í skurði E:1, sem fiskur var breiddur á til þurrkunar.

Fíngerða *steinlögnin* í suðurhluta könnunarskurðar A:1 (10. og 13. mynd) gæti hugsanlega verið frá ofanverðri 16. eða 17. öld. Aftur á móti eru *hleðslusteinar* sem komu í ljós í austurhluta skurðar A:1 (10. og 15. mynd) frá mannvirkjum sem liggja utan skurðar, en þeir hleðslusteinar hafa færst til eftir að Kötlugjóskan frá því um 1500 féll við vörina.

Elstu minjar sem tengjast *sjósókn* eru að því er séð verður frá því skömmu eftir 1500, enda viðbúið að slíkar minjar væri að finna við Bygggarðsvör. Þar af er elsta mannvirknið *grjótveggur* frá verbúð eða sjóhúsi í könnunarskurði B:1 (18. til og með 21. mynd), sem reist hefur verið á 16. öld. Viðarkolaleifar o.fl. sem var að finna við neðri mörk grjótveggjar inni í húsarústinni gætu bent til að hér sé um leifar frá *verbúð* að ræða, þar sem menn héldu til. Ekki er þó útilokað að rústin sé frá *sjóhúsi* þar sem gert var að fiski og veiðarfæri voru geymd (sbr. kafla 3.2). Steinalögin ásamt fiskbeinaleifum frá fiskverkun innan við grjótvegginn benda til þess, að eftir að verbúðin eða sjóhúsið var tekið úr notkun, hafi menn lagt lög af steinum stig af stigi innan við vegg í rústinni til að breiða fisk til þurrkunar. Rústin hefur því þjónað hlutverki *fiskþurrkunarreits*.

Steinalögin í könnunarskurði E:1 (31. til og með 34. mynd) benda einnig til að þau séu frá *fiskþurrkunarreit*, þar sem fiskur var verkaður og breiddur til þurrkunar (sbr. kafla 3.3). Það sem styður enn frekar við þá túlkun, er innra byrði *grjótgarðs* sem greina mátti í þeim skurði (33. og 34. mynd) en framhald á þeim garði má sjá í sjávarbakkanum rétt NA við skurð E:1 (9. og 38. mynd). Undir grjótgarðinum var að finna allþykkt *öskusmitað mannvistarlag* (sjá síðar) og því næst gjósku frá *Kötlu~1500*, og því hefur liðið allnokkur tími með öskusmitaða lagið var að myndast þar til garðurinn frá fiskþurrkunarreitnum var hlaðinn undir lok 16. aldar eða á 17. öld að ætla má.

Umtalsvert magn fiskbeina frá *fiskverkun* milli steinalaga í könnunarskurði E:1 ýtir enn frekar undir það að hér sé um leifar frá fiskþurrkunarreit að ræða. Greiningar dýrabeinafræðinga á fiskbeinum frá rannsóknunum gætu eflaust leitt margt fróðlegt í ljós um fiskveiðar sem stundaðar voru frá Bygggarðsvör á liðnum öldum og fiskverkun reyndar einnig. Aftur á móti var um of takmarkað fjármagn að ræða við framkvæmd og úrvinnslu rannsóknanna til að ráðast í slíkar greiningar.

Auk fjölda fiskbeina frá fiskverkun milli steinalaga innan við grjótvegg í skurði B:1 og innan við grjótgarðinn í skurði E:1 fannst allnokkurt magn af *bláskeljum* og *bláskeljabrotum* frá *kræklingi* auk einstakra *öðuskelja*, sem eru til marks um það að menn hafi einnig unnið við *beitingu* á staðnum (sbr. kafla 3.2 og 3.4). Þessar leifar hafa verið að hlaðast upp allt fram á liðna öld, en Seltirningar stunduðu *kræklingatekju* í Hvalfirði sem var aðal kræklingnáman fyrir útgerðina við Faxaflóka og á Suðurnesjum.¹²⁾

Ljóst er að sjór hefur gengið á minjarnar næst vörinni sem ekki kemur á óvart sé litið til þess umfangsmikla landbrots sem átt hefur sér stað meðfram strandlengju Seltjarnarness á liðnum öldum, þar af ekki hvað síst í Bátsendaveðrinu árið 1799, að ógleymdum þeim fjölda sjómanna sem fórst í því hamfaraveðri. Þá gekk sjór yfir Seltjarnarnes á um 500 metra breiðu belti, sem braut m.a. niður eiðið sem lá milli Gróttu og Framnessins auk þess að raska jarðnæði Bygggarðs verulega (sbr. kafla 1).

Minjar tengdar ræktun frá því um og eftir 1500

Undir mannvirkjaleifum í könnunarskurðum B:1 og E:1 fannst *öskusmitað mannvistarlag* án bláskelja, fiskbeina og annarra lausafunda. Ekki er ólíklegt að það öskusmitaða lag megi rekja til þess, að *ösku* hafi verið dreift á tún í Bygggarði eða það hafi myndast fyrir áhrif árvissrar *sviðningar* gróðurleifa á þeirri jörð. Í könnunarskurði E:1 lá öskusmitaða lagið rétt ofan við *Kötlu~1500* (33. og 34. mynd), sem bendir til þess að lagið sé frá 16. öld. Í öskusmitaða laginu í skurði B:1 mátti aftur á móti greina fallna gjósku frá *Kötlu~1500* (21. og 24. mynd) og lagið hefur því verið byrjað að myndast skömmu áður en sú gjóska féll við vörina.

Minjar frá því fyrir 1500:

Í austanverðu suðurlangsníði í skurði A:1 eru einstaka *hleðslusteinar* í hreyfðu moldarlagi nokkru undir *Kötlu~1500* (14. mynd). Þeir hleðslusteinar eru frá mannvirkjum utan skurðar, sem færst hafa til á 15. öld eða jafnvel fyrr.

Torfgarður frá lokum landnáms tímans

Það sem kom einna mest á óvart við rannsóknirnar var *torfgarður* sem fyrst kom í ljós í könnunarskurði C:1 (26., 27. og 28. mynd). Miðað við stefnu garðsins í þeim skurði, lék grunur á að framhald á garðinum gæti verið að finna í sjávarbakkanum, og að könnuðu máli reyndist svo vera (39. og 40. mynd).

Engin gjóskulög var að finna yfir torfgarðinum, en aftur á móti gjóskubút frá *Kötlu~1500* vestan við garðinn í skurði C:1 og hugsanlega svonefnt Miðaldalag~1226 austan við garðinn einnig (28. mynd). Ljóst er að garðurinn hefur verið hærri en umhverfið framan af öldum, og því hefur fokjarðvegur og gjóskulög ekki hlaðist ofan á garðinn í sama mæli og til hliðar við hann. Í skurði C:1 lágu *hleðslusteinar* ofarlega í torfgarðinum (26. og 28. mynd), sem ætla má að hafi verið bætt við garðinn síðar.

Í hleðslutorfi garðsins mátti aftur á móti víða greina svonefnt *Landnámslag*, sem er tvískipt gjóskulag, en Landnámslagið var einnig að finna óhreyft rétt undir garðinum í könnunarskurði C:1 og einnig undir garðinum í sjávarbakka. Landnámslagið er annars

¹²⁾ Lúðvík Kristjánsson 1985, bls. 42-45.

vegar upprunnið frá eldgosi í Vatnaöldum (í Veiðivötnum) og hins vegar frá eldgosi á Torfajökulsvæðinu, en út frá gjóskukornum úr báðum hlutum lagsins sem hafa greinst í íslögum í borkjörnum úr Grænlandsjökli sem talin eru vera frá 870-880, þá er Landnámslagið nú tímasett til um 870.¹³⁾ Um þá tímasetningu er ekki deilt meðal jarðfræðinga, en þar sem *torfgarðurinn* lá rétt ofan við undirliggjandi óhreyft Landnámlag (27., 28. og 39. mynd), þá hefur ekki liðið langur tími frá því Landnámslagið féll á Framnes Seltjarnarness þar til garðurinn var hlaðinn. Þeir sem bjuggu á Framnesinu hafa því reist garðinn undir lok landnámstímans að ætla má (sbr. kafla 3.3 og 3.5), sem talið er að lokið hafi á fyrri hluta 10. aldar.

Sé tekið mið af stefnu torfgarðsins til norðurs frá könnunarskurði C:1 yfir að sjávarbakka (10. og 40. mynd) þar sem landbrot hefur gengið á garðinn, þá hefur garðurinn að því er virðist náð til NNV út á Bygggarðstangann. Sá tangi hefur verið gróinn framan af öldum eftir að land byggðist fyrst (sbr. kafla 2). Stefna garðsins til SSV bendir einnig til þess, að framhald sé að finna á garðinum austan við könnunarskurð A:1 (sjá 10. mynd). Þessi *torfgarður* frá landnámstíma er bæði útflattur og breiður en ekki ýkja hár eins og hann birtist okkur í dag. Eins er með þær torfhleðslur sem komið hafa í ljós í hringlaga gerðum í túninu vestan við Nesstofu, en *torfgarðurinn* við Bygggarðsvörina er álíka gamall og elstu þekktu minjar í Nesi.¹⁴⁾

Ekki er ólíklegt að *torfgarðurinn* sé leifar frá upphaflegum *bygggarði*, sem jörðin Bygggarður, Bygggarðsvör og Bygggarðstanginn hafa dregið nafn sitt af. Örnefnið bendir til að sá garður hafi verið reistur utan um landskika, þar sem *bygg* var ræktað. Ekki er þó útilokað að hér sé um *skilagarð* að ræða, en slíkir garðar eru þekktir frá fyrstu öldum byggðar, sem einnig voru hlaðnir úr torfi. Kveðið er á um skilagarða sem löglega garða, *löggarða*, í fyrsta lagasafni Íslendinga, Grágás. Það er safn laga og lögskýringa frá ýmsum tímum sem stuðst var við allt þar til á síðari hluta 13. aldar, þegar lögbækur Noregskonungs voru samþykktar á Alþingi hinu forna, fyrst Járnsíða að hluta 1271 og síðar Jónsbók frá og með 1282-1283 að talið er. Það er því álitamál, hvort unnt sé að styðjast við ákvæði í Grágás um löggarða þegar fengist er við túlkun á garðlögum frá landnámstíma. Auk þess er að finna garða hér á landi sem menn hafa reist sameiginlega, sem virðast ýmist hafa þjónað því hlutverki að aðgreina almenninga frá eignarlandi og jafnvel slægjulönd frá beitarnandi og selnytjum að sumri, en slík garðlög er að finna í vesturhlíðum í innri hluta Fnjóskadals (í framhluta dalsins samkvæmt málvenju nyrðra). Aftur á móti virðast löggarðar samkvæmt Grágás einkum hafa þjónað því hlutverki að hindra ágang utanaðkomandi búfjár í eignarlönd, því ella áttu menn ekki að geta krafist bóta fyrir slíkan ágang.¹⁵⁾

Varðveitt *gerðis*-örnefni vísa að ætla má til lokaðra garða, en slík gerði með hringlaga eða sveigða veggj má greina víða um land, þar af tugi gerða í Kelduneshreppi¹⁶⁾ sem umlykja margfalt stærri landskika en hringlaga gerðin í túninu í Nesi. Hér mætti einnig nefna allstórt hringlaga gerði sem er að finna þar sem *Gerðisbæirnir* stóðu norðan við Helgafell á Heimaey í Vestmannaeyjum, en ofan af því felli og einnig á loftmyndum má greina það gerði í krikanum vestan við Eldfellið frá Heimaeyjargosinu 1973.

¹³⁾ Grönvold o.fl. 1997; Zielenski o.fl. 1997.

¹⁴⁾ Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson 1990; Kristinn Magnússon o.fl. 1995; Hildur Gestsdóttir og Orri Vésteinnsson 1996.

¹⁵⁾ Jón Kristjánsson 1979, bls. 117; Sigurður Þórarinnsson 1982; Margrét Hermanns-Auðardóttir 1985, bls. 19; Bryndís G. Róbertsdóttir og Haukur Jóhannesson 1986; Björn Þorsteinnsson og Bergsteinn Jónsson 1991, bls. 34; Gunnar Karlsson o.fl. 1992, bls. 311-314.

¹⁶⁾ Margrét Hermanns-Auðardóttir 1999, bls. 29-30.

Auk byggjarðsörnefnisins var reyndar að finna annað örnefni á Seltjarnarnesi sem vísar til kornræktar: *Vælugerði* - nánar tiltekið í sléttri brekku í túni Bakka (þar sem nú er Unnarbraut 2). Sigurður Þórarinsson skýrir *Vælugerði* sem akur, sem ræktaður hafi verið með sviðningu, þ.e.a.s. með þeirri aðferð að brenna skóg, kjarr eða annan gróður undir ræktun. *Væla* er dregið af fornorræna orðinu *váll* (kk), í fleirtölu *válar*, sem merkir samkvæmt norska fornfræðingnum Ole Rygh: “*bolir og rætur brenndra trjáa; trjástubbar á sviðinni jörð*”.¹⁷⁾ Örnefnið *Vælu-gerði* bendir til, að víðar hafi verið að finna gerði á Seltjarnarnesi en í landi Ness.

Með hringlaga gerðin í túninu í Nesi í huga, þá ber að geta þess hér að samkvæmt niðurstöðum frjógreininga frá 1993 á 2 sýnum úr mannvistarlagi (búsetulagi) innan hringlaga gerðis um 80 m suðvestur af Nesstofu, voru taldar litlar líkur á því að það gerði hafi þjónað sem *akurgerði*. Í umræddum 2 frjógreinisýnum var aftur á móti um hátt hlutfall greinanlegra frjókorna frá *hagagrasjurtum* (frá 62.3 upp í 73.1%) að ræða annars vegar og hátt hlutfall *burknagróa* hins vegar, en þar af vaxa burknar á skuggsælum stöðum. Burknagróin gætu bent til þess að gerðið hafi verið byrgt stóran hluta árs, og þar með reynst hæfilega skuggsæll staður fyrir burknagróður.¹⁸⁾ Þessar áhugaverðu niðurstöður leiða líkur að því, að umrætt hringlaga gerði í Nesi gæti hafa verið reist sem *heygarður*, þ.e. hlaðinn torfgarður þar sem hey fyrir búpening var geymt, sbr. hátt hlutfall frjókorna frá hagagrasjurtum í búsetulagi innan við gerðisveggi. Þó garðurinn hafi nýst sem heygarður, þá útilokar það ekki að burkni hafi náð að þrífast í skugga gerðisveggja. Hvað hugsanlegt notagildi gerðanna í Nesi varðar mætti varpa þeirri rannsóknasurningu fram, hvort gerðin hafi verið fjölnota og hafi t.d. verið nýtt yfir vetratímamann sem heygarðar en aftur á móti undir fráfarur framan af sumri, áður en búið var að afla heybirgða til næsta vetrar.

Einnig mætti spyrja, hvort ekki bæri að beita sams konar greiningaraðferð og í áður nefndu gerði suðvestur af Nesstofu á aðrar hringlaga gerðisminjar og tengd mannvistarlög (búsetulög) í túninu í Nesi? Túlkun á þeim minjum kallar einnig á nauðsynlega yfirsýn yfir það sem menn telja sig vita um landbúnaðarhætti þeirra sem numu hér land forðum. Þar ber einnig að hafa í huga að þeir komu ekki einungis frá Skandinavíu heldur einnig frá norðurhluta Bretlandseyja, einkum frá Skotlandi og skoskum eyjum að talið er.

Elstu byggðaminjar á Seltjarnarnesi og í Reykjavík

Eins og áður hefur verið greint frá liggja elstu þekktu minjar í Nesi líkt og *torfgarðurinn* við Byggjarðsvör rétt ofan við óhreyft *Landnámslag* frá því um 870, en elstu þekktu minjar á Framnesi Seltjarnarness eru því eitthvað yngri en því nemur. Aftur á móti eru elstu minjar í landnámsbyggðinni í Kvosinni í Reykjavík *eldri* en Landnámslagið~870, þ.e. menn höfðu sest þar að *áður en* eldgosin áttu sér stað sem Landnámslagið er upprunið frá. Þann aldur má einnig marka af háum kolefnisaldursgreiningum á birkiviðarkolum úr landnámsbyggðinni í Reykjavík.¹⁹⁾ Hér er um mælanlegar eðlisfræðilegar niðurstöður að ræða sem unnt er að taka á - ólíkt hefðbundinni tímasetningu landnámsins í Reykjavík til ársins 874 - sem byggir á goðsagnakenndri útskýringartilraun, sem fyrst var ritfærð fleiri öldum eftir að menn numu hér fyrst land. Enda er óraunhæft að líta svo á að sá sem leiddi landnámið sem kennt er við Reykjavík hafi árætt að setjast hér að ásamt fámennu fylgdarliði, eins og landnámsmenn hafi ekki hugsað fyrir því hvernig þeir gætu aukið kyn sitt í nýju óbyggðu landi fjarri heimahögum handan Atlantsála, þar sem talið er að gilt hafi strangar reglur um

¹⁷⁾ Guðrún Einarsdóttir 1979, bls. 19; Sigurður Þórarinsson 1944 og 1948.

¹⁸⁾ Margrét Hallsdóttir 1993.

¹⁹⁾ Else Nordahl 1988; Margrét Hermanns-Auðardóttir 1989, bls. 150 og 1993, bls. 128.

skyldleika við val á maka. Auk þess benda fornleifarannsóknir í vaxandi mæli til þess að miklu víðar sé að finna leifar um búsetu í landinu undir *Landnámslaginu* en í Reykjavík, sem leiðir sterkar líkur að því að um skipulegt landnám hafi verið að ræða allnokkru fyrr en áður var talið, sem fjölmennir hópar stöðu að baki. Þar af leiðandi ber að leggja áherslu á það hér að þær aðferðir og túlkunarhefðir sem beita verður við rannsóknir á jarðföstum fornleifum eru alls ólíkar þeim sem sagnfræðingar og bókmenntafræðingar byggja sín fræði á. Enda eru aldursgreindar fornleifar samtímaheimildir um þann tíma sem þær ná til, en það sama verður ekki sagt um sagnaarf í miðaldabókmenntum og öðrum ritum, *þó merkur sé*, sem vísar margar aldir aftur í tímann frá þeirri stundu sem hann er ritfærður (sjá einnig *Viðauka III*).

Hér ber einnig að leggja áherslu á, þegar fengist er við túlkun á vitnisburði fornleifa frá mismunandi tímum innan umdæmis Seltjarnarnesbæjar, að *Seltjarnarneshreppur hinn forni* náði langt út fyrir núverandi umdæmi þess bæjarfélags. Þar af var jörðin Reykjavík ásamt Arnarhóli og Örfirisey tekin úr þeim hreppi þegar Reykjavík fékk kaupstaðarréttindi 1786. Og þrátt fyrir að búsetuminjar sé að finna í Nesi og við Bygggarðsvör frá lokum landnámstímans, þá er Ness fyrst getið í ritheimildum í kirknatali Páls biskups Jónssonar frá því um 1200.²⁰⁾ Að Nes hafi verið kirkjustaður um 1200 líkt og Reykjavík segir okkur, að Nes hafi talist til höfuðbýla á þeim tíma. Sé aftur á móti horft enn lengra aftur í tímann þá byrgði staðsetning landnámsbæjar Reykjavíkur undir hæðardragi fyrir nauðsynlegt útsýni til vesturs, sem vekur upp spurningu hvort sá sem leiddi landnámið sem kennt er við Reykjavík hafi lagt áherslu á að nýta Framnes Seltjarnarnes ásamt Gróttu af öryggis-ástæðum með því að reisa þar útbýli eða bæ til að fylgjast með siglingum um sunnanverðan Faxaflóa? Auk þess er mjög líklegt að Framnesið ásamt Gróttu hafi verið nýtt frá og með landnámi til sauðfjárbæjar, fráfærna, heytekju eða akuryrkju sé miðað við landbúnaðarhætti á þeim tíma, en kjöraðstæður hafa verið til slíkra nytja á því útnesi. Hvort heldur er vitum við ekki með neinni vissu enn sem komið er hvar elstu minjar á Framnesinu eða í Gróttu gæti verið að finna, en á landnámstíma og allt til loka 18. aldar var Gróttu landföst.

4. Sjósókn Seltirninga

Fáar minjar eru nú eftir um útgerð á Seltjarnarnesi. Sjóhús og naust eru horfin, en varir frá býlum má þó víða greina (sjá 1. mynd). Í *Jarðabók* Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1703 eru þrjár verbúðir á jörðinni í Nesi reyndar nefndar með nafni, þ.e. Morastaðabúð, Hannesarbúð og Stórabúð í Suðurnesi, en þar fram undan má sjá móta fyrir vör á stórstraumsfjöru.

Ritaðar heimildir skortir að mestu um sjósókn Seltirninga þar til á 18. öld. Gera má þó ráð fyrir að þeir sem bjuggu á Seltjarnarnesi hafi stundað sjósókn allt frá landnámstíma. Á 14. öld jókst útflutningur á fiski og jarðir við sjávarsíðuna sem höfðu útræði hækkuðu því í verði. Á 15. öld hófst baráttan milli Englendinga og Þjóðverja um fiskinn og á 16. öld komu þýskir kaupmenn sér upp bátum og gerðu út frá jörðum við Faxaflóa. Ætla má að þeir hafi rekið einhverja útgerð frá Seltjarnarnesi samanber nafnið á hjáleigunni Þýskhús, sem var í Nesi í upphafi 18. aldar.

Hér mætti skjóta inn almennt um mikilvægi fiskmetis fyrir afkomu þjóðarinnar á liðnum öldum eftirfarandi í Íslandslýsingu Odds Einarssonar Skálholtsbiskups frá því um 1590:

²⁰⁾ Íslenzkt fornbréfasafn XII, 1923, bls. 1.-15; Heimir Þorleifsson 1991; Ólafur Lárusson 1944, bls. 84-122; Björn Teitsson 1974, bls. 75-91.

“Næst á eftir mjólkurmat og kjöti af kvikfénaði er mikill hluti fæðu Íslendinga venjulegur fiskur. Er hann fyrst hertur nægilega í vindi og sól, þá barinn með lurkum eða fremur steinsleggjum [sbr. fiskisleggjubrot í könnunarskurði B:1], þar til hann er orðinn vel meyr og eftir það má svo á þörfum bera hann í ákveðnum skömmtum fyrir hvern einstakan, er að snæðingi situr og eta með smjöri sem brauðsigildi. Þessi fæða er talin hin heilnæmasta og eigi aðeins til að seðja hungrið, heldur og ágætlega til þess fallin að efla þrótt og fjör.”

Þessi lýsing gildir einnig að mestu um mataræði allt frá landnámstíma, því þrátt fyrir akuryrkju framan af öldum, einkum byggrækt, kom harðfiskur að meira eða minna leyti í stað kornmatar að talið er.

Á 17. og 18. öld áttu útvegsbændur og leiguliðar á Seltjarnarnesi fjölda opinna skipa og þaðan voru einnig gerðir út svokallaðir *konungsbátar*. Fylgdi sú kvöð mörgum jörðum að ábúendur urðu að sjá um þessa konungsbáta svo lengi sem kóngsútgerð hélst, en Bessastaðavalldið hirti af þeim tekjur. Fjöldi vermannna safnaðist til Seltjarnarness á vertíðum. Meðal þeirra voru Borgfirðingar fjölmennir.

Við upphaf 19. aldar voru 25 býli í Seltjarnarneshreppi og af þeim voru öll nema 7 með einhverja skipaeign. Þessi áraskip voru smá, flest *tveggja manna fôr*. Upp úr miðri öldinni varð á þessu breyting. Farið var að gera út *sexæringa* og *áttæringa* og á þeim mátti sækja dýpra og fara lengra. Seltirningar fóru að stunda veiðar á miðum suður í Leiru og undan Vatnsleysuströnd. Ekki var þessi ágangur vel séður af Suðurnesjamönnum og risu af honum mótmælasamþykktir og málaferli. Af þessu að dæma hefur landinn löngum deilt um það hvernig fiskveiðiréttinum skuli hagað áður en landhelgin var útfærð stig af stigi í 200 mílur á liðinni öld og handhafar framkvæmdavaldsins komu á umdeildu fiskveiðikvótakerfi.

Árið 1895 áttu Seltirningar um 40 opin skip en fimm árum síðar voru aðeins tvö eftir. Um 1885 fóru útvegsbændur á Seltjarnarnesi að taka sig saman um að kaupa *þilskip* eða *skútur*. Voru gjarnan tveir til þrír menn sem stóðu að hverju skipi. Fyrstu skipin voru *skonnortur*, 30-40 lestir að stærð. Upp úr 1895 var síðan farið að kaupa svokallaða *kúttara* frá Bretlandi, en þeir voru margir 80-100 lestir. Þó að skipin stækkuðu var ekki um breytingar að ræða á veiðunum. Áhöfnin á skútunum vann því ekki saman heldur dorgaði hver við sitt færi, enda netaveiðar ekki stundaðar almennt hér á landi fyrr en eftir aldamótin 1900. Fiskurinn var saltaður, fluttur heim á Nesið og þurrkaður þar og merki má m.a. sjá um það við *Bygggarðsvörina* og víðar á Seltjarnarnesi (sjá kafla 3.2, 3.4 og 3.6). Árið 1904 náði skútuútgerð Seltirninga hámarki, og voru þá gerð út þaðan 10 þilskip. En það fór svipað með skútuútgerðina og útgerð opinna skipa, henni hrakaði furðufljótt. Árið 1909 var ekkert þilskip eftir og þegar kom fram á árin milli stríða stunduðu Seltirningar helst hrognkelsaveiði.

Í ljósi þess að fiskveiðar breyttust lítið hér á landi þar til um og eftir aldamótin 1900, ber samt sem áður að geta þess hér, að fyrsta heimildin um einstaka tímabundnar þorsketaveiðar er frá því um 1730 og aðrar heimildir frá árabílinu 1760-1770. Um 1788 er þess getið að þorskanet hafi einungis verið notuð að einhverju gagni í Reykjavík, Hafnarfirði, Keflavík, Grundarfirði, Bíldudal, Patreksfirði og Ísafirði. Þorsketaveiðar voru þó umdeildar lengi vel og urðu ekki almennar fyrr en í byrjun liðinnar aldar.

Þáttaskil urðu í útgerð við Faxaflóa 1895 þegar *breskir togarar* (gufuknúin stálskip) hófu veiðar með *botnvörpu* í Flóanum. Botnvörpuveiðarnar voru mjög umdeildar því þær spilltu veiðarfærum heimamanna og jafnvel einnig fiskimiðum og aflabrögðum að margra mati. 1894 voru því sett lög sem bönnuðu botnvörpuveiðar í íslenskri landhelgi sem Íslendingar

gerðu kröfu um að væri 4 sjómílar, en Bretar neituðu að viðurkenna. Og þar við sat þar til 1901 þegar samið var um 3 mílna landhelgi sambærilega við þá sem gildi í Norðursjó sem Bretland og Danmörk áttu m.a. land að.

Fyrstu árin sem breskir togarar stunduðu veiðar í Faxaflóa og víðar á Íslandsmiðum þá hirtu áhafnir þeirra aðallega kola, ýsu og lúðu en hentu öðrum fiski eða létu heimamönnum í té við litlu verði. Einkum þorsk, en einnig ufsa og steinbít og fleiri bolfisktegundir sem áhafnir bresku togaranna létu í té í skiptum fyrir áfengi, ferskt vatn, matvæli, sauðagætur o.fl. Fiskur sem þannig skipti um eigendur var í daglegu tali kallaður “tröllafiskur” samanber einnig orðatiltækin að “róa í tröllin” eða “fara í tröllaróður”. Nafngiftina “tröllafisk” má sennilega rekja til þess að togararnir kölluðust “tröllin” sem mjög líklega er afbökun á enska orðinu “trawler”. Togararnir voru einnig kallaðir “trollarar” langt fram eftir liðinni öld. Einnig gæti nafngiftin “tröll” átt sér rætur í stærð bresku togaranna samanborið við báta heimamanna og/eða heimamönnum hafi þótt fyrirgangur og veiðiaðferð togaranna “tröllslegur”. Hvort heldur er var *hart deilt* um réttmæti “tröllaróðurs” sem Seltirningar, Álftnesingar og Suðurnesjamenn stunduðu sumir hverjir. Til að byrja með á smábátum þeirra sem byggðu afkomu sína að mestu á sjávarfangi, einkum þegar gæftir voru litlar sem menn kenndu iðulega botnvörpuveidum bresku togaranna. Frá og með 1897 færðist þessi “tröllauitgerð” á hendur færri manna sem réðu margir hverjir yfir stórum bátum og fluttu “tröllafisk” í land í stórum stíl.


Það var fyrst við gildistöku nýrra landhelgislaga sumarið 1898 sem togaramönnum var heimilt að leita til hafna á Íslandi til að verða sér úti um kol, vatn og aðrar vistir. Ári síðar, 1899, setti alþingi lög til höfuðs “tröllaróðri” þó menn héldu áfram að “róa í tröllin” á stærri skipum, þar sem viðskiptin áttu sér stað lengra frá landi en áður var. Menn hættu skyndilega að gera út á “tröllafisk” árið 1903, sem einkum má rekja til þess að um mitt það ár tóku gildi lög um varnir gegn smitnæmum sjúkdómum sem bönnuðu heimamönnum að taka við fiski úr erlendum fiskiskipum. Þar við bættist að “tröllafiskur” var ekki í boði lengur í sama mæli og áður vegna harðrar framgöngu dansks skipherra að uppræta slík viðskipti.

Taka mætti undir orð Jóns Þ. Þórs sem fengist hefur við rannsóknir á sjávarútvegs-sögu okkar að “tröllafiskerið” hafi verið sérkennilegt og dapurlegt í senn, þrátt fyrir að þeir sem sóttu fisk í breska togara hafi óneitanlega bjargað verðmætum frá glötun. Aftur á móti opnuðu veiðar bresku togaranna “augu Íslendinga fyrir því, hve frumstæðir atvinnuhættir þeirra sjálfra voru, og urðu til þess að hinir framsýnustu og dugmestu þeirra tóku að hyggja að togaraútgerð” fyrr en ella hefði orðið.²¹⁾

Þrátt fyrir að menn dorguðu lengst af hver við sitt færi, gaf sjósókn Seltirninga sem annarra útvegsbænda við sjávarsíðuna ekki eingöngu meira af sér en hefðbundinn landbúnaður, heldur flýtti hún fyrir auknu viðskiptafrelsi. Stóraukið vægi sjávarútvegs á liðinni öld átti auk þess stæstan þátt í því að betrumbæta, ef ekki hreinlega umbylta kjörum þjóðarinnar sem upp til hópa hafði búið við kröpp kjör.

Þar sem ritaðar heimildir um sjósókn skortir að mestu þar til á síðari öldum þá geyma minjar við útræðisstaði meðfram ströndum landsins mikilvægan vitnisburð um sjósókn allt frá því land byggðist fyrst, þó lítt hafi farið fyrir rannsóknum á þeim minjum enn sem komið er. Frumkvæði umhverfisnefndar Seltjarnarnesbæjar að stuðla að fornleifarannsóknnum við Bygggarðsvör heyrir því til jákvæðra undantekninga í þeim efnum.

21) Heimir Þorleifsson 2004; Árni Magnússon og Páll Vídalín 1923-1924, bls. 240; Jón Þ. Þór 1982, 2002 og 2003; Lúðvík Kristjánsson 1983, bls. 434-441 og 1985, bls. 192-193; Oddur Einarsson 1971; Björn Þorsteinsson og Bergsteinn Jónsson 1991; Gísli Gunnarsson 1987; Jón Jónsson 1994.



41. mynd

Hugmyndir Viglundar Kristjánssonar og Kristins Magnússonar að staðsetningu endurgerðra verstöðvarmannvirkja við Bygggarðsvör (*Tillögur verkefnishóps um uppbyggingu á verstöð við Bygggarðsvör á Seltjarnarnesi*, 15. október 2003, bls. 12.)

5. Eftirmáli

Í inngangi var greint frá því, að tilefni fornleifarannsóknanna við Bygggarðsvör megi rekja til ákvörðunar umhverfisnefndar Seltjarnarnesbæjar að byggja upp verstöð við vörina til að minnast umfangsmikillar sjósóknar frá Seltjarnarnesi á liðnum öldum, samanber *Tillögur verkefnishóps um uppbyggingu á verstöð við Bygggarðsvör á Seltjarnarnesi* frá 15. október 2003 á vefslóð bæjarins: <http://www.seltjarnarnes.is/stjornsysla/skyrslur/umhverfismal/> Á bls. 2 í þeim tillögum segir m.a. um framkvæmd tillögunnar að hún kalli á jarðvegsskipti á þeim landskika sem eftir stendur við Bygggarðsvör, sem einnig má ráða af hugmynd að uppbyggingu verstöðvarinnar á bls. 12 (41. mynd). Jarðvegsskiptin myndu aftur á móti leiða til *óafturkræfrar* röskunar á þekktum sem óþekktum minjum við vörina, og þá ekki einungis röskun á *minjum um sjósókn* sem komu í ljós við rannsóknirnar sumarið 2004, heldur einnig á *torfgarðinum* frá landnámstíma. En eins og áður hefur verið greint frá, er torfgarðurinn meðal elstu þekktu minja innan umdæmis Seltjarnarnesbæjar. Og ekki er ólíklegt að sá garður sé *bygggarðurinn*, sem Bygggarður, Bygggarðsvör og Bygggarðstangi eru kennd við. Hér er því um fágætar minjar að ræða, og þá ekki eingöngu fyrir Seltjarnarnesbæ heldur einnig á lands vísu, og því spurning hvort ekki bæri að framhalda fornleifarannsóknum á landskikanum sem eftir er við Bygggarðsvörina (sbr. 8. og 10. mynd) til að varpa frekara ljósi á minjar um sjósókn og aðrar minjar við þá vör. Eða að öðrum kosti friðlýsa þann landskika ásamt fornminjum til handa komandi kynslóðum. Það heyrir undir *Fornleifavernd ríkisins* að taka ákvörðun um það í samráði við Seltjarnarnesbæ hvernig haga beri vernd og viðhaldi minja við Bygggarðsvör.



42. mynd

Timothy Horsley við Háskólanm í Bradford að störfum við jarðsjármælingar við Bygggarðsvör í maí síðastliðnum, en vonir eru bundnar við að niðurstöður þeirra mælinga muni varpa ljósi á umfang minjanna sem greina mátti í könnunarskurðum og sjávarbakka við vörina sumarið 2004. Í bakgrunni má sjá hákarlshjallinn við Bygggarðsvör og fjærst Gróttuvita ásamt nærliggjandi byggingum (MHA 2005).

Bygggarðsvörin fellur reyndar nú þegar undir *verndartillögu* Náttúrfræðistofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar fyrir *Álftanes og Skerjafjörð*. Sú verndartillaga - sbr. vefslóðina www.ust.is/Natturuvernd/Natturuverndaraetlun/ - nær yfir fjöru og grunnsævi frá Bala á Álftanesi yfir Skerjafjörð og norður fyrir Gróttu í land við *Bygggarð*. Innan þessa svæðis eru allar fjörur og land neðar byggðar, og umrædd verndartillaga nær því til landskikans sem eftir stendur við Bygggarðsvör.

Hér ber einnig að benda á að áður en ákvaðið var að ráðast í fornleifarannsóknir við Bygggarðsvör, gaf fornleifaskráningin á Seltjarnarnes frá 1980 ekki tilefni til að ætla að fornleifar, þ.e. jarðfastar minjar sem væru 100 ára eða eldri, væri að finna við vörina. Enda segir í áður nefndum *Tillögum verkefnishóps um uppbyggingu á verstöð við Bygggarðsvör á Seltjarnarnesi* (bls. 5) að lítið sé vitað “*hvernig staðið var að sjósókn frá nesinu eða um mannvirki tengd henni.*” Með það í huga er enn frekari ástæða til þess að varðveita landskikann við Bygggarðsvör vegna *minja frá sjósókn* og *torfgarðs* frá landnámstíma sem nú er vitað að þar er að finna. Það er því óneitanlega spurning hvort ekki bæri að velja annan stað undir uppbyggingu verstöðvar, til að mynda innan við grjóttgarðinn í malbikaða vegkantinum upp af Ráðagerðisvör sem liggur vestan við Bygggarðsvör? En eins og áður segir er það *Fornleifaverndar ríkisins* að kveða upp úr um það í samráði við Seltjarnarnesbæ hvernig best sé staðið að vernd og viðhaldi fornleifa við vörina.

6. Þakkarorð

Að lokum vil ég þakka formanni umhverfisnefndar Seltjarnarnesbæjar, Ingimar Sigurðssyni, sem öðrum nefndarmönnum fyrir ánægjulegt samstarf vegna rannsóknanna við Bygggarðsvör, þeim Kristínu Ólafsdóttur, Magnúsi Erni Guðmundssyni, Margréti Pálsdóttur og Stefáni Bergmann. Það samstarf snerist reyndar einnig um áhuga nefndarmanna á því hvernig best væri staðið að framtíðarstefnu um vernd og viðhald fornleifa innan umdæmis Seltjarnarnesbæjar.

Ég vil einnig nota tækifærið hér og þakka starfsmönnum Tæknideildar og Áhaldahúss Seltjarnarnesbæjar fyrir margþætta aðstoð: þeim Hauki Kristjánssyni bæjartæknifræðingi, Steinunni Árnadóttur garðyrkjustjóra og verkstjórnum Birni Stefánssyni og Gils Stefánssyni. En til þeirra þurfti tíðum að leita við undirbúning rannsókna og eins meðan á fornleifauppgrefti stóð.

Hér ber einnig að geta Margrétar Hallsdóttur sérfræðings á Náttúrfræðistofnun Íslands og Ólafs Eggertssonar sérfræðings á Rannsóknamiðstöð Skógræktar ríkisins á Mógilsá, sem ég þakka kærlega fyrir að tegundagreina gróðurleifar frá rannsóknunum sem þau hafa sérþekkingu á.

Einnig þakka ég þeim Sigurlaugu Ingimundardóttur og Ársæli Friðrikssyni fyrir lán á myndum frá Bygggarði og Bygggarðsvör, en þau líkt og svo margir sem stöldruðu við meðan á uppgrefti stóð fræddu mann um aðstæður við vörina á árum áður.

Jón Þ. Þór varð vinsamlega við því að fara yfir kaflann um Sjósókn Seltirninga og benti mér auk þess á áhugavert viðbótarefni. Þorleifur Hauksson fór yfir próförk að skýrslunni og þakka ég þeim félögum kærlega fyrir ritrýnina og góðar ábendingar.

Alexandre Efanov og Svetlónu Efanova þakka ég kærlega fyrir ómetanlega aðstoð við að ganga frá teikningum og öðru myndefni og aðlaga það að vefútgáfu skýrslunnar.

Sérstakar þakkir vil ég færa Bryndísi G. Róbertsdóttur land- og jarðfræðingi fyrir að taka að sér að sinna greiningu gjóskulaga á rannsóknarstað, en útdrátt úr greinargerð hennar um þau gjóskulög er að finna í *Viðauka 1*.

Síðas og ekki síst vil ég þakka ungum aðstoðarmönnum mínum við fornleifauppgroftinn sumarið 2004 fyrir ánægjulegt samstarf, þeim Sigmundi Kornéliussyni, Herði Páli Stefánssyni, Jóhannesi Hjartarsyni og Magnúsi Dan Ómarssyni.

Seltjarnarnesi í júní 2005,

Margrét Hermanns Auðardóttir

mha@akademia.is

Heimildaskrá

- Agnar Ingólfsson, Jóhann Óli Hilmarsson, Kristbjörn Egilsson, María Björk Steinarsdóttir, Sveinn Jakobsson og Ævar Petersen. 1997. *Náttúrufar á Seltjarnarnesi: Skýrsla unnin fyrir Seltjarnarnesbæ 1987-1997*. Náttúrufræðistofnun Íslands og Líffræðistofnun Háskólans. Seltjarnarnes: Seltjarnarnesbær.
- Ari Gíslason. 1950-1960. *Skrá yfir örnefni í Reykjavík og á Seltjarnarnesi*. Örnefnastofnun Þjóðminjasafns Íslands.
- Ágúst Ó. Georgsson. 1995. *Fornleifaskráning á Seltjarnarnesi*. Rannsóknaskýrslur Fornleifadeildar 1980:I. Reykjavík. Birna Gunnarsdóttir gekk frá skýrslunni til birtingar fyrir Fornleifadeild Þjóðminjasafns Íslands og Umhverfísnefnd Seltjarnarnesbæjar.
- Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1923-1924. *Jarðabók*. 3. bindi. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafélag.
- Björn Teitsson. 1974. Byggð í Seltjarnarneshreppi hinum forna. *Reykjavík í 1100 ár: Safn til sögu Reykjavíkur*. Reykjavík: Sögufélagið.
- Björn Þorsteinsson og Bergsteinn Jónsson. 1991. *Íslands saga til okkar daga*. Reykjavík: Sögufélag.
- Bryndís G. Róbertsdóttir & Haukur Jóhannesson 1986. Þrælagarður í Biskupstungum. *Náttúrufræðingurinn* 56, 213-234.
- Geirsson, H., Th. Árnadóttir, C. Völksen, W. Jiang, E. Sturkell, T. Villemin, P. Einarsson, F. Sigmundsson & R. Stefánsson. Current plate movements across the Mid-Atlantic Ridge determined from 5 years of continuous GPS measurements in Iceland. Til birtingar í *Journal of Geophysical Research*, 2005.
- Gísli Gunnarsson. 1987. *Upp er boðið Ísland: Einokunarverslun og íslenskt samfélag 1602-1787*. Reykjavík: Örn og Örlygur.
- Grönvold, K., Óskarsson, K., Johnsen, S.J., Clausen, H.B., Hammer, C.U., Bond, G. and Bard, E. 1995. Ash layers from Iceland in the Greenland GRIP ice core correlated with oceanic and land sediments. *Earth and Planetary Science Letters* 135, 149-155.
- Guðrún Einarsdóttir. 1979. *Örnefni á Seltjarnarnesi*. Ritgerð til B.S. prófs í landafræði við Háskóla Íslands. Reykjavík. 46 bls. Viðaukar 26 bls.
- Guðrún S. Magnúsdóttir. 1976. *Örnefnaskrá fyrir Seltjarnarnes*. Örnefnastofnun Þjóðminjasafns Íslands. 11. júní 1976. (Einnig sem Viðauki III í B.S. ritgerð Guðrúnar Einarsdóttur, 1979.)
- Gunnar Karlsson, Kristjáns Sveinsson og Mörður Árnason. 1992. *Grágás: Lagasafn íslenska þjóðveldisins*. Reykjavík: Mál og menning.
- Heimir Þorleifsson. 1991. *Seltirningabók*. Seltjarnarnes: Seltjarnarnesbær.
- Heimir Þorleifsson. 2004. Sjósókn Seltirninga. *Hafið og sjósókn: Menningardagskrá og opnun málverkasýningar* 5. júní 2004 í Seltjarnarneskirkju. Sýningarbæklingur.
- Hildur Gestsdóttir og Orri Vésteinsson. 1996. *Fornleifarannsóknir í Nesi við Seltjörn V: Skýrsla um fornleifauppgröft í túni við Nesstofu 1996*. Fornleifastofnun Íslands ses: FS027:95015. bls. 1-30. Viðaukar: Finnur Pálsson. *Radarmæling á sniðum yfir fornminjar á Seltjarnarnesi*. bls. 32. Kolbeinn Árnason. *Kortlagning fornminja með fjarkönnun úr flugvél*. bls. 33 – 37.

- Íslenzkt fornbréfasafn XII*, 1-15. 1923. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Jón Kristjánsson. 1979. *Úr Fnjóskadal. Sútur: Norðlenskt tímarit*.
- Jón Þ. Þór. 1982. *Breskir togarar og Íslandsmið 1889-1916*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Jón Þ. Þór. 2002. *Saga sjávarútvegs á Íslandi: Sjósókn og sjávarfang: arabáta- og skútuöld*. Akureyri: Hólar.
- Jón Þ. Þór. 2003. *Saga sjávarútvegs á Íslandi: Uppgangssár og barnings skeið 1902-1930: vélaöld*. Akureyri: Hólar.
- Kristinn Magnússon. 1995. *Fornleifarannsókn á Seltjarnarnesi 1993*. Rannsóknarskýrsla. Þjóðminjasafn Íslands. Október 1995. 10 bls. Fylgirit: Magnús Á. Sigurgeirsson. 1993. *Fornleifarannsókn við Nes á Seltjarnarnesi: Greining á gjóskulögum*. 2 bls. Magrét Hallsdóttir. *Greinargerð varðandi frjósýni úr túni Nesstofu á Seltjarnarnesi: Greinargerð RH-20-2003*. Raunvísindastofnun Háskólans, Jarðfræðistofa. Desember 1993. 4 bls.
- Kristbjörn Egilsson. 1997. Gróðurfar á Seltjarnarnesi. *Náttúrufar á Seltjarnarnesi: Skýrsla unnin fyrir Seltjarnarnesbæ 1987-1997*, 31-41 og 95-96. Náttúrufræðistofnun Íslands og Líffræðistofnun Háskólans. Seltjarnarnes: Seltjarnarnesbær.
- Lúðvík Kristjánsson. 1982. *Íslenzkir sjávarhættir*. II. Reykjavík: Bókaútgáfa Menningarsjóðs.
- Lúðvík Kristjánsson. 1983. *Íslenzkir sjávarhættir*. III. Reykjavík: Bókaútgáfa Menningarsjóðs.
- Lúðvík Kristjánsson. 1985. *Íslenzkir sjávarhættir*. IV. Reykjavík: Bókaútgáfa Menningarsjóðs.
- Magnús Á. Sigurgeirsson. 1993. *Fornleifarannsókn við Nes á Seltjarnarnesi: Greining á gjóskulögum*. 2 bls. (Samanber einnig Kristinn Magnússon. 1995.)
- Magrét Hallsdóttir. 1993. *Greinargerð varðandi frjósýni úr túni Nesstofu á Seltjarnarnesi: Greinargerð RH-20-93*. Raunvísindastofnun Háskólans: Jarðfræðistofa. 4. bls. (Samanber einnig Kristinn Magnússon. 1995.)
- Magrét Hermanns- Auðardóttir. 1995. *Skýrsla til Rannsóknaráðs Íslands um fornleifarannsóknir að Gásam og víðar á Norðurlandi eystra*. Reykjavík. 48 bls.
- Magrét Hermanns- Auðardóttir. 1989. *Íslands tidiga bosättning: Studier med utgångspunkt i merovingertida-vikingatida gårdslämningar i Herjólfsdalur, Vestmannaeyjar, Island*. Studia Archaeologica Umensis 1. Umeå: Umeå Universitet.
- Magrét Hermanns- Auðardóttir. 1993. The Beginning of Settlement in Iceland. *Acta Borealia* 1992:2, 85-135.
- Magrét Hermanns- Auðardóttir. 1999. Arkeologiska undersökningar av handelsplatsen vid Gásir. *GÁSIR - en internasjonal handelsplass i Nord-Atlanteren*, 9-36. Senter for middelalderstudier. Skrifter 9. Trondheim: Tapir forlag.
- Magrét Hermanns Auðardóttir. 2004. *Rannsóknáætlun vegna forrannsóknna á minjum við Bygggarðsvör á Seltjarnarnesi*. Seltjarnarnesi 9. júní 2004. 7. bls.

- Nordahl, Else. 1988. *Reykjavík from the Archaeological Point of View*. Aun 12. Uppsala: Almqvist & Wiksell.
- Oddur Einarsson. 1971. *Íslandslýsing: Qualiscunque Islandiae* [Sveinn Pálsson sneri á íslensku]. Reykjavík: Menningarsjóður.
- Olsen, Magnus B. 1973. *Hvad våre stedsnavne lærer os*. Oslo: Universitetsforlaget.
- Ólafur Ingólfsson, Hreggviður Nordahl og Hafliði Hafliðason. 1995. Rapid isostatic rebound in southwestern Iceland at the end of the glaciation. *Boreas* 24, 245-249.
- Ólafur Lárusson. 1944. Hversu Seltjarnarnes byggðist. *Byggð og saga*, 84-122. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja.
- Páll Einarsson. 1994. Crustal movements and relative sea level changes in Iceland. *Proceedings of the Hornafjörður International Coastal Symposium: at Höfn, the town of Hornafjörður, June 20-24, 1994*, 24-34. (Edited by Gísli Viggósson). Höfn, Hornafirði: Organizing Committee.
- Páll Theodórsson. 1992. Kolefnisaldursgreiningar. *Árbók hins íslenska fornleifafélags* 1991, 59-75.
- Sigurður Thorarinsson. 1943. De vulkaniska akslagren och deras vittnesbörd om förödelser av Þjórsárdalur. *Forntida gårdar i Island: Meddelanden från den nordiska arkeologiska undersökningen i Island sommaren 1939*, 28-43. Köbenhavn: Munksgaard.
- Sigurður Thorarinsson. 1944. *Tefrokronologiska studier på Island*. Köbenhavn: Munksgaard. [Doktorsritgerð við Stokkhólmsháskóla, sem einnig birtist í: *Geografiska annaler* 1-2. 1944.]
- Sigurður Þórarinnsson. 1948. *Skrafað og skrifað*. Reykjavík: Helgafell.
- Sigurður Thorarinsson. 1970. Tephrochronology and Medieval Iceland. *Scientific Methods in Medieval Archaeology*, 295-328. Berkeley : University of California Press.
- Sigurður Þórarinnsson. 1982. Bjarnargarður. *Árbók hins íslenska fornleifafélags* 1981, 5-39.
- Tillögur verkefnishóps um uppbyggingu á verstöð við Bygggarðsvör á Seltjarnarnesi*. Seltjarnarnes 15. október 2003, 4-12.
- Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson. 1990. *Fornleifarannsókn við Nesstofu 1989*. Rannsóknarskýrsla. Þjóðminjasafn Íslands. Febrúar 1990. 19 bls.
- Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson. 1996. Gård og kirke på Stöng i Þjórsárdalur. *Nordsjøen – Handel, religion og politikk: Karmøyseminaret 1994 og 1995*, 119-139. (Red. Jens Flemming Kröger, Helge-Rolf Naley). Stavanger: Dreyer bok
- Wastegård, S., Hall, V.A., Hannon, G.E., van den Bogaard, Ch., Pilcher, J.R. Sigurgeirsson, M.A. & Hermanns-Auðardóttir, M., 2003: Rhyolitic tephra horizons in North-western Europe and Iceland from the 700-800s AD; a potential alternative for dating first human impact. *The Holocene* 13:2, 307-313.
- Zielinski, G.A., Germani, M.S., Larsen, G., Baille, M.G.L., Whitlow, S., Twickler, M.S. and Taylor, K.C. 1997. "Volcanic aerosol records and tephrochronology of the Summit, Greenland, ice cores. *Journal of Geophysical Research* 102, 26625-26640.

Viðauki I

Þessi viðauki er útdráttur úr ófrágengnum drögum Bryndísar G. Róbertsdóttur að greinargerð um gjóskulög í könnunarskurðum og sjávarbakka við Bygggarðsvör, en hún tók að sér að greina þau lög í ágúst 2004. Því miður var ekki um annað að ræða en standa þannig að málum svo loks væri hægt að birta niðurstöður rannsókna við Bygggarðsvör, en samkvæm þeim miðast áætlaður aldur minja við vörina að verulegu leyti við þekkt gjóskulög.

Júni 2005, Margrét Hermanns Auðardóttir.

Greining gjóskulaga vegna fornleifarannsókna við Bygggarðsvör

Að beiðni Margrétar Hermanns Auðardóttur fornleifafræðings, fyrir hönd umhverfisnefndar Seltjarnarnesbæjar tók höfundur, Bryndís G. Róbertsdóttir, að sér að greina gjóskulög vegna fornleifarannsókna við Bygggarðsvör, sem gætu gefið vísbendingar um aldur mannvistarleifa við vörina.

Greining gjóskulaga á vettvangi fór fram 9., 10., 11. og 14. ágúst 2004, sem fólst í því að skoða snið í könnunarskurðum A:1, B:1, C:1 og E:1 og í sjávarbakka við vörina í samvinnu við Margréti. Niðurstöður þeirra gjóskugreininga má sjá á sniðteikningum 14.-17., 20.-21., 27.-30., 33.-34. og 39. mynd í fornleifarannsóknaskýrslu hér að framan, en þar eru gjóskulög aðgreind í lit frá öðrum jarðlögum.

Þekkt gjóskulög í sniðum við Bygggarðsvör

Áður en fjallað er um gjóskulög sem greina mátti við Bygggarðsvör, ber að geta þess að jarðvegur á Seltjarnarnesi virðist vera á bilinu 1-1,5 m. Hann er víða sandborinn og mörk hans gagnvart strandmyndunum og jökulurð eru víða óglögg (Sveinn Jakobsson 1997). Jarðvegsþykknun hefur því verið mjög hæg á Seltjarnarnesi, enda fjarri eystra gosbeltinu, þar sem gjóskulög og önnur jarðvegsþykknun er einna mest á Íslandi. Mestu jarðvegsþykktir sem höfundur hefur mælt eru á svæði á milli Heklu og Kötlu. Þar hefur fundist 7,6 m þykkt jarðvegssnið, þar sem heildarþykkt jarðvegs er 3,2 m, en heildarþykkt 156 gjóskulaga er 4,4 m. Til samanburðar, þá hafa aðeins fundist 11 gjóskulög í Sogamýri frá sama tímabili (Magnús Á. Sigurgeirsson og Markús A. Leosson 1993).

Sérhvert gjóskulag er jafntímaflötur sem gefur afstæðan eða raunverulegan aldur þess umhverfis sem það finnst í. Með gjóskulögum er þannig hægt að tengja ólík umhverfi saman í tíma og bera saman aðstæður í fjarlægum landshlutum, jafnvel fjarlægum löndum, á einhverjum tilteknum tíma (Guðrún Larsen 1996).


Gjóskulög hafa margs konar einkenni sem nota má til að þekkja þau í sundur, svo sem:

- útlitseinkenni, s.s. litur, kornastærð, lagskipting og þykkt
- efnafræðileg einkenni
- afstaða til annarra gjóskulaga í jarðvegssniðum

Þau gjóskulög sem greina mátti í sniðum við Bygggarðsvör og geta gefið vísbendingar um aldur minja á staðnum, eru *Katla-1500* og *Landnámslagið*.

Katla ~1500

Í Reykjavík er Katla~1500 það þykkasta sem þar hefur fallið eftir landnám (Sigurður Þórarinnsson 1975), en það lag er fínkorna og áberandi vegna *kolsvarts* litar. Ekki er að finna ritaðar heimildir um þetta Kötlugos (Sigurður Þórarinnsson 1959). Í tengslum við rannsóknir á heimildum um byggð að Dynskógum á Mýrdalssandi varpaði Einar Ólafur Sveinsson (1947) fram þeirri tilgátu, að hugsanlega hefði orðið stórgos á því svæði seint á 15. öld, þ.e. eftir 1480. Út frá afstöðu Kötlugosins til gjóskulagsins úr Heklugosinu 1510, áætlaði Sigurður Þórarinnsson (1959) aldur lagsins um 1490 +/-10 ár. Sigurður Þórarinnsson (1975) og Guðrún Larsen (1978) notuðu síðar aldurinn ~1485, ~1490, ~1495 og ~1500. Á síðustu árum hefur aldurinn ~1500 mest verið notaður (Guðrún Larsen 2000).




Þykktarkort Kötlu ~1500 þar sem línurnar miðast við 1 til 4 sm þykkt gjóskulagsins. Þó kortið nái ekki yfir Seltjarnarnes ásamt Reykjavík, gefur það samt sem áður mynd af útbreiðslu gjóskufalls úr Kötlu~1500 til vesturs frá eldstöðinni (Guðrún Larsen 1978).

Viðbót Margrétar Hermanns Auðardóttur. Samkvæmt greiningum Bryndísar á rannsóknarstað var að finna gjósku frá *Kötlu-1500* í öllum könnunarskurðum við Bygggarðsvör. Hér verður ekki farið í nánari lýsingar á þykkt og dreifingu gjósku frá *Kötlu-1500* í könnunarskurðum, heldur bent á hvar Kötlugjóskan hafi greinst með vísan í sniðteikningar í fornleifarannsóknaskýrslu hér að framan:

- *Könnunarskurður A:1.* Greina mátti Kötlu~1500 í hreyfðu moldarlagi yfir einstaka hleðslusteinum í austurhluta suðurlangsníðs (lengst til vinstri á 14. mynd), sem er til marks um rask á staðnum áður en sú Kötlugjóska féll við vörina um 1500.
- Kötlu~1500 lag var einnig að finna fallna (óhreyfða) næst undir fingerðri steinlögn í vesturgafli skurðar (17. mynd).
- *Könnunarskurður B:1.* Í öskusmituðu mannvistarlagi innan við og undir innra byrði grjóttveggjar mátti greina Kötlu~1500 (21. og 24. mynd). Öskusmitaða lagið hefur því verið byrjað að myndast þegar Kötlugjóskan féll við vörina um aldamótin 1500.
- *Könnunarskurður C:1.* Í þeim skurði var að finna Kötlu~1500 vestan við torfgarðinn í skurðinum (til hægri á 27. mynd og til vinstri á 28. mynd).
- *Könnunarskurður E:1.* Þar mátti greina Kötlu~1500 rétt við neðri mörk öskusmitaðs mannvistarlags (33. og 34. mynd), en það mannvistarlag hefur byrjað að myndast skömmu eftir 1500.

Miðaldalag~1226

Svonefnt Miðaldalag hefur áður greinst við könnun á Þvergarðinum á Valhúsaæð á Seltjarnarnesi (Jóhann Helgason 1995). En þar hefur lagið varðveist í skjóli garðsins sem hefur skagað yfir umhverfið og gerir reyndar enn, þó í minna mæli sé en áður var.



Þykktarkort Miðaldalagsins ~1226 (Magnús Á. Sigurgeirsson 1995).


Miðaldalagið er upprunið frá eldgosí við ströndina við Reykjanes (Gunnar Ólafsson 1983). Nafnið Miðaldalag kom fyrst fram sem vinnuheiti í tengslum við fornleifarannsóknir í gamla miðbæ Reykjavíkur á árunum 1971-1975 og hefur fylgt gjóskulaginu síðan (Magnús Á. Sigurgeirsson 1995). Allt frá 1983 hafa menn fengist við rannsóknir á uppruna og aldri Miðaldalagsins með hliðsjón af jarðvegsþykknun og afstöðu lagsins til annarra gjóskulaga, þar sem m.a. hefur verið stuðst við ritaðar heimildir (Gunnar Ólafsson 1983; Haukur Jóhannesson og Sigmundur Einarsson 1988). Miðaldalagið var efnagreint í 4 setkjörnum úr Þingvallavatni (Haflíði Haflíðason o.fl. 1992). Í einum kjarnanna (nr. 5) var aldur Miðaldalagsins reiknaður út frá setþykkt á milli þektra gjóskulaga og taldist vera ~1228 AD. Út frá eigin rannsóknum á Reykjanesi og með hliðsjón af rituðum heimildum, telur Magnús Á. Sigurgeirsson (1992 og 1995) að Miðaldalagið sé frá 13. öld og líklega frá árinu 1226 líkt og Haukur Jóhannesson og Sigmundur Einarsson höfðu áður áætlað (1988). Hér er miðað við aldurinn ~1226.

Viðbót Margrétar Hermanns Auðardóttur. Samkvæmt drögum Bryndísar að gjóskugreinargerð var gjóskulagabút að finna austan við torfgarðinn í suðurlangsníði í könnunarskurði C:1 (lengst til hægri 28. mynd), en þar gæti verið um *Miðaldalagið* að ræða.

Landnámslag ~870 ásamt nærliggjandi gjóskulagi og gróðurleifum

Landnámslagið er eitt mikilvægasta leiðarlag gjóskutímatala á Íslandi. Lagið er tvíliitt á Suður- og Suðvesturlandi, og því mjög auðþekkjanlegt. Neðri hlutinn er *gráhvítur* eða *gulhvítur*, en sá efri grágrænn og einkennist af aragrúa tærra kristalbrota. Framan af var Landnámslagið einkennst af Sigurði Þórarinssyni sem *VIIa+b* (1944 og 1968). Þorleifur Einarsson notar skammstöfunina *G* yfir lagið á Reykjavíkursvæðinu. Lengi vel var talið að Landnámslagið hefði fallið á bilinu 870-900. Eftir að í ljós kom, að landnám hefði hafist áður en eldgosíð (eldgosin) áttu sér stað sem Landnámslagið er upprunið frá (Þorleifur Einarsson 1963), þá var um tíma talið að það gæti verið frá því um 898 (Guðrún Larsen 1984). Guðrún Larsen hefur kortlagt báða hluta Landnámslagsins (1996), en það er annars vegar upprunið frá eldgosí í Vatnaöldum (Vö) í Veidivötnum og hins vegar eldgosí á Torfajökulsvæðinu, sem áttu sér stað hvert fram af öðru. Gjóskukorn úr báðum hlutum Landnámslagsins hafa greinst í borkjörnum úr Grænlandsjökli, en þau korn var að finna í íslögum í jöklinum sem talið er að hafi myndast á árabílinu 870-880 (Grönvold o.fl. 1995; Zielenski o.fl. 1997). Landnámslagið hefur því verið tímasett samkvæmt því, en hér er vísað til aldursins ~870.

Báða hluta Landnámslagsins~870 var að finna í hlöðnum torfgarði í könnunarskurði C:1 og sjávarbakka á svæði E við Bygggarðsvör. Það sem skiptir þó mestu með tilliti til hugsanlegs aldurs torfgarðsins, að Landnámslagið var einnig að finna *óhreyft undir* torfgarðinum (sbr. 27., 28. og 39. mynd í skýrslu Margrétar), þar sem mæld þykkt þess var um 1 sm. Á köflum undir og fast við Landnámslagið mátti greina í könnunarskurði C:1 *óhreyft milligrátt, fínkorna gjóskulag* (27. og 28. mynd) með vott af rauðleitum blæ hér og þar, en lagið gæti verið upprunið frá Heklu. Búta úr því gjóskulagi mátti einnig greina í könnunarskurði A:1, þar af m.a. undir Landnámslagi. Þetta gjóskulag kallar á efnagreiningar með tilliti til uppruna og hugsanlegs aldurs.



Þykktarkort Landnámslagsins, innan 0,5 sm jafnþykktarlínu. Jafnþykktarlínur ljósa neðri hluta lagsins eru dregnar með grannri línu (Guðrún Larsen 1996). Reyndar nær kortið ekki til höfuðborgarsvæðisins, þar sem báðir hlutar Landnámslagsins hafa greinst, en kortið gefur samt sem áður mynd af útbreiðslu Landnámslagsins til vesturs frá eldstöðvöðum, sem það er upprunnið frá.

Við neðri mörk torfgarðsins, allt að 1,5 sm ofan við óhreyft Landnámslag~870 undir garðinum í könnunarskurði C:1 og sjávarbakka, mátti víða sjá *smágerð*, *ljós korn* sem mynduðu mjóa línu eða lag í jarðveginum (einkennt með punktalínu á 27., 28. og 39. mynd). Kornin líktust votti af gjóskulagi og því var tekið sýni til að fá úr því skorið, hvort þetta væri gjóskulag? Kornin skoðaði höfundur í viðsjá og þá sást strax, að þau voru af *lífrænum uppruna*. Þetta voru hnöttótt, smágöddótt hulstur sem brotnuðu mjög auðveldlega ef komið var við þau. Margrét Hallsdóttir, sérfræðingur í frjógreiningu við Náttúrufræðistofnun Íslands í Reykjavík, var fengin til að ákvarða uppruna hulstranna. Hún telur að þau séu hulstur stórgróa frá *mosajafna* eða *álftalauk*. Mosajafni (*Selaginella selaginoides*) er lítil, fingerð jurtt, mjög lík mosa fljótt á litið. Mosajafni er mjög algengur um land allt og finnst í þurru mólendi (Hörður Kristinsson 1986, Stefán Stefánsson 1948). Mosajafni fannst í mólendinu sunnan og vestan til á Valhúsahæð og einnig á opna svæðinu sunnan Skólabrautar við gróðurannsóknir á Seltjarnarnesi 1987 (Kristbjörn Egilsson 1997). Álftalaukur (*Isoetes echinospora*) er fjölær smávaxin vatnajurt, sem vex að jafnaði á kafi í vatni. Kjörlendi hans eru tjarnir og stöðuvötn, ýmist á töluverðu dýpi eða uppi við flæðarmál. Álftalaukur hefur fundist á afmörkuðum svæðum á landinu, frekar á útnesjum en inn til landsins (Hörður Kristinsson 1986, Stefán Stefánsson 1948). Álftalaukur fannst aftur á móti ekki við gróðurannsóknirnar á Seltjarnarnesi 1987 (Kristbjörn Egilsson 1997).

Viðbót Margrétar Hermanns Auðardóttur. Hér verður fjallað um það, hvar greina mátti *Landnámslag~870* á rannsóknarstað með vísan í sniðteikningar í fornleifarannsóknaskýrslu:

- *Könnunarskurður C:1.* Landnámslagið mátti greina í bútum og lögum í hleðslum í torfgarði í skurðinum og einnig fallið (óhreyft) undir garðinum (27. og 28. mynd), þar sem það var að meðaltali 1, 2 sm þykkt í suðurlangsníði skurðar samkvæmt Bryndísi. Rétt yfir Landnámslaginu (allt að 1.5 sm ofan við það) var að finna kornkennda línu eða lag með stórgróum frá mosajafna eða álfalauk, en þær plöntuleifar afmarka neðri mörk torfgarðsins.
- *Sjávarbakki svæði E.* Þar sást Landnámslagið í bútum og strengjum í hleðslum í torfgarði, sem er framhald á garðinum í skurði C:1. Hér mátti einnig greina rétt undir garðinum fallið (óhreyft) Landnámslag og rétt yfir því kornkennt þunnt lag með stórgróum frá mosajafna eða álfalauk, sem afmarkar neðri mörk torfgarðsins líkt og í skurði C:1.

Samkvæmt greiningum Bryndísi var *Landnámslagið* einnig að finna í:

- *Könnunarskurði A:1,* í norðurlangsníði skurðar ofan á milligráu finkorna gjóskulagi (15. mynd). Auk þess mátti greina *dökka* hluta Landnámslagsins í suðurlangsníði í austurhluta skurðar A:1 (lengst til vinstri á 14. mynd).

Óþekkt gjóskulög í sniðum við Bygggarðsvör

Viðbót Margrétar Hermanns Auðardóttur: Önnur gjóskulög í könnunarskurðum við Bygggarðsvör eru af óþekktum uppruna og aldri og því verður nákvæm lýsing á þeim látin liggja milli hluta hér. Aftur á móti verður gerð grein fyrir því hvar þau gjóskulög var að finna þar sem vísað er til sniðteikninga í fornleifarannsóknaskýrslu:

- *Könnunarskurði C:1:* Í þeim skurði mátti greina *milligrátt finkorna gjóskulag* fast undir Landnámslaginu (27. og 28. mynd) sem kallar á efnagreiningar til að komast nær um uppruna þess og hugsanlegan aldur. Samkvæmt mælingum Bryndísar var þetta lag allt að 2.3 sm þykkt í suðurlangsníði skurðar C:1.
- *Könnunarskurði A:1:* Þar var *milligráa, finkorna gjóskulagið* einnig að finna, nánar tiltekið á þremur stöðum í norðurlangsníði skurðar, þar af m.a. þétt undir Landnámslaginu (15. mynd). Einnig mátti greina bút úr því í austurgaffli skurðar A:1 (16. mynd).

Óþekkt forsöguleg gjóskulög (merkt í grænum lit á sniðteikningum) mátti greina í:

- *Könnunarskurði A:1,* norðurlangsníði (lengst til hægri á 15. mynd).
- *Könnunarskurði C:1,* neðarlega í suðurlangsníði skurðar vestan við torfgarðinn (27. mynd), en þar er um forsögulegt gjóskulag að ræða af háum aldri. Samkvæmt Bryndísi var einnig að finna bút úr forsögulegri gjósku yfir torfgarðinum í suðurlangsníði skurðar C:1, sem bendir til að jarðvegi frá forsögulegum tíma hafi verið rótað yfir garðinn.

Heimildaskrá

- Einar Ól. Sveinsson 1947. Byggð á Mýrdalssandi. *Skírnir* 121, 185-210.
- Grönvold, K., Óskarsson, K., Johnsen, S.J., Clausen, H.B., Hammer, C.U., Bond, G. and Bard, E. 1995. Ash layers from Iceland in the Greenland GRIP ice core correlated with oceanic and land sediments. *Earth and Planetary Science Letters* 135, 149-155.
- Guðrún Larsen 1978. *Gjóskulög í nágrenni Kötlu*. 4. árs ritgerð, Háskóli Íslands, 63 bls.
- Guðrún Larsen 1984. Recent volcanic history of the Veidivötn fissure swarm, southern Iceland: an approach to volcanic risk assessment. *Journal of Volcanology and Geothermal Research* 22, 33-58.
- Guðrún Larsen 1996. Gjóskutímatatal og gjóskulög frá tíma norræns landnáms á Íslandi. Í: Guðrún Ása Grímsdóttir (ritstj.). *Um landnám á Íslandi*. Reykjavík, Vísindafélag Íslendinga, ráðstefnurit 5, 81-106.
- Guðrún Larsen 2000. Holocene eruptions within the Katla volcanic system, south Iceland: characteristics and environmental impact. *Jökull* 49, 1-28.
- Gunnar Ólafsson 1983. *Greinagerð um "Miðaldalagið"*. Rannsóknarverkefni, Háskóli Íslands, 25 bls.
- Hafliði Hafliðason, Guðrún Larsen & Gunnar Ólafsson 1992. The recent sedimentation history of Thingvallavatn, Iceland. *Oikos* 64, 80-95.
- Haukur Jóhannesson & Sigmundur Einarsson 1988. Krísuvíkureldar I: aldur Ögmundarhrauns og Miðaldalagsins. *Jökull* 38, 71-87.
- Hörður Kristinsson 1986. *Plöntuhandbókin: blómplöntur og byrkingar*. Reykjavík, Örn og Örlygur, 304 bls.
- Kristbjörn Egilsson 1997. Gróðurfar á Seltjarnarnesi. Í: *Náttúrufar á Seltjarnarnesi*. Seltjarnarnes, Seltjarnarnesbær, 31-41.
- Jóhann Helgason 1995. Fornminjar á Seltjarnarnesi: Þvergarður á Valhúsahæð. Í: *Eyjar í eldhafi: safn greina um náttúrufræði*. Reykjavík, Gott mál, 151-158.
- Jón Jónsson. 1994. Úgerð og aflabrögð á Íslandi 1300 - 1900. *Hafrannsóknir*.
- Magnús Á. Sigurgeirsson 1992. *Gjóskumyndanir á Reykjanesi*. M.S. ritgerð, Háskóli Íslands, 114 bls.
- Magnús Á. Sigurgeirsson & Markús A. Leosson 1993. Gjóskulög í Sogamýri: tvö gjóskulög frá upphafi nútíma. *Náttúrufræðingurinn* 62, 129-137.
- Magnús Á. Sigurgeirsson 1995. Miðaldalagið. Í: *Eyjar í eldhafi: safn greina um náttúrufræði*. Reykjavík, Gott mál, 189-198.
- Sigurður Thorarinsson. 1944. *Tefrokronologiska studier på Island*. København: Munksgaard.
- Sigurður Þórarinnsson 1959. Um möguleika á því að segja fyrir næsta Kötlugos. *Jökull* 9, 6-18.
- Sigurður Þórarinnsson 1968. *Heklueldar*. Reykjavík, Sögufélagið, 185 bls.

- Sigurður Þórarinnsson 1975. Katla og annáll Kötlugosa. *Árbók Ferðafélags Íslands 1975*, 125-149.
- Stefán Stefánsson 1948. *Flóra Íslands*, 3. útgáfa, aukin. Akureyri, Hið íslenska náttúrufræði-félag, 407 bls.
- Sveinn Jakobsson 1997. Jarðmyndanir á Seltjarnarnesi. Í: *Náttúrufar á Seltjarnarnesi*. Seltjarnarnes, Seltjarnarnesbær, 13-30.
- Zielinski, G.A., Germani, M.S., Larsen, G., Baille, M.G.L., Whitlow, S., Twickler, M.S. and Taylor, K.C. 1997. Volcanic aerosol records and tephrochronology of the Summit, Greenland, ice cores. *Journal of Geophysical Research* 102, 26625-26640.
- Þorleifur Einarsson 1957. Frjógreining fjörums úr Seltjörn. *Náttúrufræðingurinn* 26, 194–198.
- Þorleifur Einarsson 1963. Vitnisburður frjógreiningar um gróður, veðurfar og landnám á Íslandi. *Saga* 1962, 442-469.

Örnefni tengd Bygggarði og nálægum siglingaleiðum og fiskimiðum

Örnefni má nýta við rannsóknir á ýmsum fræðasviðum. Þar af fást örnefnafræðingar sem aðrir málvísindamenn einkum við að túlka örnefnin sjálf, skýra þau og rannsaka málfarslega og málfræðilega og greina þau eftir aldri. Á Norðurlöndum er löng hefð fyrir því að nota örnefni til að varpa ljósi á aldur og þróun búsetu, atvinnuhætti (svo sem fiskveiðar), þjóðtrú o.m.fl. sem skýrt geta sérkenni staða. Örnefni geta þar af leiðandi vísað á mannvirkjaleifar og aðrar fornleifar, landnytjar o.m.fl. frá liðnum öldum. Örnefnaskrár koma því iðulega að góðum notum við undirbúning og úrvinnslu fornleifarannsóknna. Örnefni á kennileitum hafa auk þess tíðum skipt máli og gera enn til að staðsetja eignamörk á landi og/eða tengdar landnytjar (þ.m.t. strandnytjar) ellegar mörkin milli landeigna og réttar til nytja á afréttum sem öðrum almenningum, samanber umdeilt tilkall ríkisvaldsins til svonefndra *þjóðlenda*. Sé það auk þess haft í huga að stjórnsýsluleg skipan sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu er með allt öðrum hætti nú en áður var, þá á það vel við að geta þess hér líkt og áður að jörðin Reykjavík heyrði þar til 1786 undir *Seltjarnarneshrepp hinn forna* líkt og jarðnæði ófára jarða til viðbótar sem m.a. má marka af nöfnum hverfa, kennileita og götunafna í höfuðborginni, svo sem Örfirisey, Arnarhóll og Rauðarárstígur.

Hér verður fjallað um helstu örnefni sem rekja má á í ritheimildum sem tengjast jarðnæði *Bygggarðs* auk örnefna á kennileitum, býlum m.m. á Seltjarnarnesi og víðar, sem höfð voru að leiðarljósi til að miða út *siglingaleiðir* og *fiskimið*:

Í *Örnefnaskrá fyrir Seltjarnarnes* frá 1976 segir um Bygggarð:

“Býlið *Bygggarður* stendur nú á sjávarkambinum. Djúpur pollur, sem nefnist *Kisulón*, kenndur við að köttum hafi verið drekkt þar, kemur í ljós í hálfkölluðum sjó í kverkinni utan við *Bygggarðstanga*. Það er tangi vestan *Bygggarðsvarar*. Klettur fram af og austan við Bygggarð nefnast *Silaklettur*.”

Þar segir enn fremur um landnytjar:

“Ofan við Bakkatjörn voru nefndar *Einingar*, þar sem býli vestan við Þvergarð [á Valhúsahæð] höfðu sínar skákir, mismunandi stórar. Þær voru nefndar eftir býlunum, *Nýjabæjareining*, *Ráðagerðiseining*, *Gunnsteinseining* (Nes II), *Kristínareining* (Nes I), *Bygggarðseining* og *Bakkaeining*, talið frá því sem Lindarbraut er, og vestur eftir. Neseiningar voru nefndar eftir ábúendum.”

Um siglingaleiðir segir:

“Víkin fram af Sjávangörðum innan boða nefndist *Norðurvík*. Innsiglingin inn á hana var um *Stofusund*, sem talið er af flestum, að hafi verið Nesstofa um Keili. Þá hefur Stofusund verið milli *Bygggarðsboða* út af Bygggarðstanga og *Norðurboða*, sem er út af *Bollagarðum*. Oddur Gíslason telur hins vegar í Leiðum og lendingum, Rvk 1890, s. 35-6, sundið vera norðan Gróttutanga og þá milli Gróttu og *Kotaboða*, sem er norðaustur af Gróttu.”

Og um mýrar segir:

“Austan Lindarbrautar er *Bollagarðamýri*. Efti skipti 1920 féll hún undir Bygggarð og nefndist þá *Bygggarðsmýri*. Bollagarðar standa austan hennar og Bollagarðakot, sem stóð vestar og nær sjó.”

Í Þáttum úr sögu Reykjavíkur frá 1936, skrifar Geir Sigurðsson skiptsjóri m.a. um fiskimið Reykvíkinga og Seltirninga:

“**Seltirninga-svið:** Það var talið takmarkast af línunni norður og suður, Stóri-hellir (það er hnúkur, sem kemur vestan undan Akrafjalli í sundinu milli Hafnarfjalls og Skarðsheiðar) norðan undan Akrafjalli og það áfram norður, þar til Fláskarðið kom að Akrafjalli að austanverðu, og línunni austur og vestur, frá því Vífilfell (Fjallið) var komið suður um grafir, sem voru í mýrinni skammt fyrir sunnan Skildinganesbæinn. Þetta var eins og hálf títíma róður úr Selsvörum eða tveggja títíma róður ef farið var Hólmasund. Innan þessara takmarka voru svo önnur fiskimið, er nú skal greina.

Klettsslóð: Þetta mið er vestur af Seltirningasviði, og byrjar þessi Klettsslóð Hamarinn-minni lausan við Akrafjall að austanverðu, en suðurmiðið er Kletturinn sunnan við Lágafellshamra, miðaður frá því að hann er um Gróttu og það suður um Bakka á Seltjarnarnesi. Þessi Klettsslóð lá til NNV, þangað til Dýpra-skarðið kom að Akrafjalli að austanverðu. Kletturinn, sem nú er miðaður við Lágafellshamra, er sami Kletturinn sem tilfærður er sem mið fyrir Kambsleiruan, þá austan við Lágafellshamra. Líkar er notaður sem suðurmið fyrir þessa Klettsslóð Valahnúkur um Garðakirkju, og mátti hann færast alla leið vestur um Melshöfða á Álftanesi. Valahnúkur er sérstakur hnúkur fyrir austan Helgafell.

Nessklettur: Austurmiðið er Dýpra-skarðið að austanverðu, en suðurmiðið Kletturinn fyrir sunnan Lágafellshamra um Nessstofu á Seltjarnarnesi. Þetta þótti gott fiskimið. Svæðið frá Nesskletti vestur með hrauninu vestur að Bollasviði (austur miðið Hamarinn-meiri að Akrafjalli að austanverðu) var kallað Álftnesingasvið ásamt Klettsslóðinni. Á þessu svæði voru ýmis önnur mið svo sem Ásvörðuslóðin o.fl.

Síðan togarar fóru að stunda veiðar hér í Faxaflóa hafa flest áður nefnd mið breytzt, því að á sumum stöðum, sem talið var hraun áður, er nú alveg sléttur botn. Auk þessara miða voru mörg fiskimið á grunni, milli eyja og fyrir vestan eyjar og eins í Kollafirði og Hvalfirði, en þangað sóttu menn einkum á 2ja manna förum, og aflaðist þar oft vel af þyrsklingi, ýsu og smálúðu. Þó bar það við að þorskur gekk hér á grunnmið, t.d. um 1890, eitt haustið, var hlaðafli hér á Rauðarárvík og inn um öll sund af vænum þorski. Nú fæst varla í soðið á þessum grunnmiðum, þótt leitað sé, hvað sem veldur.”

Í Þáttum til Íslandslýsingar Jónasar Hallgrímssonar náttúrufræðings og skálds segir um *Leiðir norðanvert við Seltjarnarnes:*

“Albrima má ekki ganga nær Akureyjarrífi heldur en Vífilfell um Laugarnessbæ; leiðin byrjar Lágafellshamar um Engeyjargarðsenda. (Þetta er fyrir norðan Akurey.) Fyrir sunnan Akurey er fyrst: Grenjásund (hjálphestast um allt hér að norðanverðu, fyrir utan stórskipaleið), Grjóthólmi (nyrðri Reykjavíkurhólmi) í Vífilfell (V. yfir Gr.); sunðið er almennt byrjað Keilir innan við Bygggarð, Lágafellshamar um Engeyjarbæ. Í öllum færum leiðum fara Seltirningar Stofusund, hið næsta hið næsta við Seltjarnarnes (liggja þar á milli þrjár boðar, Bygggarðsboði, Kotboði og Norðurboði, og fyrir innan þá hvirfill, að vaxa), Valhúsvarða (hæst) sunnanhallt á miðjum Bygggarðsbæ. Sund þetta er tekið Keilir vestanhallt á Gróttuúrð og skal róa beint á Bygggarðsbæ og Valhúsörðu, þar til Keilir er kominn inn á Gróttubæ, sem eru þær innstu rústir á Gróttu, þá skal heldur halla sér að landi, þótt svaðalegt sýnist, og svoleiðis inn með nesinu, og ekki nær en Vífilfell um Sel, er það óhætt inn að Seli.

Sá, sem vill lenda í Seltjörn, tekur leiðina fyrir sunnan Gróttu-urð, Valhúsvarða um Knútskot; er það mið laust sunnan við Nesstofu. (Valhúsvarða er illa hirt og þarf að hlaða).

Þá er Landssund fyrir norðan Kerlingarsker (á milli lands og Kerlingarskers); þar er Bakkaboði, Vífilfells um Bakka, og er þá farið nokkuru sunnar, Keppasund (fyrir sunnan skerið), þá Valahnúkasund.

Grunn:

1. Kerlingarsker.
2. Keppar (stórstraum).
3. Jörundarboði (milli 2. og 3. er Valahnúkasund, þrautaleið).
4. Fyrir utan Jörundarboða eru svokallaðir Leiruboðar sem eg hef fundið ysta grunn – Grynnskard á Mel (Kjalarnestangi) – þar er suður út frá grunn, Vífilfell um Bessastaði austanverða (þar hefur Steingr. staðið með stórstraumsfjöru). Vífilfell um Kársnes og hálfan Kambinn undir; ekki fullir 3 faðmar um stórstraumsfjöru (þari á báðar hliðar upp úr).”

Hér ber einnig að vísa til B.S. ritgerðar Guðrúnar Einarsdóttur í landafræði við Háskóla Íslands frá 1979, *Örnefni á Seltjarnarnesi*, þar sem er að finna yfirlit yfir eldri kort af Seltjarnarnesi o.fl. ásamt flokkun örnefna sem ná yfir:

1: Lögbýli, hjáleigur og þurrabúðir – 2: Tún og beitiland – 3: Varir og verbúðir – 4: Vegi og slóða – 5: Hlaðin mannvirki – 6: Nýleg húsanöfn – 7: Örnefni á náttúruvirkum við strönd og sjó – 8: Nes, tanga og granda – 9: Mýrar, tjarnir og læki, lautir og hóla – 10: Örnefni í holtum.

Heimildir:

- Geir Sigurðsson. 1936. Fiskimið Reykvíkinga og Seltirninga. *Þættir úr sögu Reykjavíkur: Gefnir út vegna 150 ára afmælis Reykjavíkurborgar, 74-79*. Reykjavík: Félagið Ingólfur.
- Guðrún Einarsdóttir. 1979. *Örnefni á Seltjarnarnesi*. Ritgerð til B.S. prófs í landafræði við Háskóla Íslands. Reykjavík. 46 bls. Viðaukar 26 bls.
- Guðrún S. Magnúsdóttir. 1976. *Örnefnaskrá fyrir Seltjarnarnes*. Örnefnastofnun Þjóðminjasafns Íslands. (Einnig sem Viðauki III í Guðrún Einarsdóttir, 1979.)
- Oddur Gíslason. 1890. *Leiðir og lendingar í fiskiverum Íslands*. Reykjavík: Ísafoldarprentstmiðja.
- Ritverk Jónasar Hallgrímssonar III: Náttúran og landið*. (Ritstj. Haukur Hannesson, Páll Valsson og Sveinn Yngvi Egilsson). 1989. Reykjavík: Svart á hvítu.

Um lögbundna friðhelgi fornleifa og fornleifafræði sem háskólagrein

Þrátt fyrir vaxandi áhuga almennings á fornleifarannsóknum, hefur skort á það að kynna þjóðinni hvað felist í lögbundinni friðhelgi fornminja sem kveðið er á um í *þjóðminjalögum*. Slík kynning kallar einkum á það að skýra hvað fellur undir skilgreiningu þjóðminjalaga á jarðföstum *fornleifum* eða *forngrípum* sem lausum fornminjum, því okkur ber ekki eingöngu að virða lögbundin ákvæði um vernd og viðhald fornminja, heldur er okkur einnig skylt að tilkynna *Fornleifavernd ríkisins* þegar áður ókunnar fornleifar eða forngripir finnast. Sú tilkynningaskylda á einnig við um fornleifar, sem eru í hættu vegna framkvæmda eða liggja undir skemmdum fyrir áhrif náttúruafla, svo sem sjávargangs eða uppblásturs. Af því leiðir að hafa ber í huga eftirfarandi upptalningu í 9. gr. gildandi *þjóðminjalaga* (nr. 107) frá 2001 um jarðfastar *fornleifar*:

“Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum og öskuhaugum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af *verbúðum*, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mó gröfum, kolagröfum og raudablæstri;
- c. gömul *tún- og akurgerði*, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, *varir*, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar, sbr. 11. gr.”

Í 18. gr. *þjóðminjalaga* segir um *forngrípi*:

“*Forngripir eru lausar fornminjar, einstakir hlutir, 100 ára og eldri. Þegar forngripir finnast sem liggja eða legið hafa í jörðu skal finnandi tilkynna Fornleifavernd ríkisins fundinn svo fljótt sem við verður komið. Finnandi skal ekki haggja við fundinum nema nauðsynlegt sé að taka hann eða hluta hans þegar til umhirðu með því að ella væri hætt á að munir spilltust eða færðu forgörðum. Ákvæði 1. mgr. taka til allra muna sem menn hafa notað eða mannaverk eru á og einnig til leifa af líkömum manna og dýra sem finnast í fornum haugum, dysjum eða leiðum. Allir munir, sem grein þessi fjallar um, sem og 15. gr., eru eign ríkisins [þ.e. sameign þjóðarinnar]. Skulu þeir varðveittir í Þjóðminjasafni Íslands eða í hlutaðeigandi byggða- eða minjasafni.”*

Hér ber einnig að leggja áherslu á, að meginmarkmið *fornleifafræðinnar* sem háskólagreinar er að vera til styrktar lögbundinni fornleifavernd og fornleifarannsóknnum (fornleifauppgræfti, fornleifaskráningu o.s.frv.). Þar af leiðandi hafa þær aðferðir og túlkunarhefðir sem fornleifafræðin hefur þróað, grundvallast umfram annað á því að mæla, flokka og ráða í þann margþætta og flókna vitnisburð sem fornminjar frá mismunandi tímum hafa að geyma, bæði fyrir og eftir tilkomu ritheimilda. Fornleifafræðileg nálgun er því ekki síður nauðsynleg við rannsóknir á fornleifum frá sögulegum tíma. Hún er því einnig mikilvæg við rannsóknir á fornminjum okkar, sem geyma dýrmætan vitnisburð um ótalmargt sem viðkemur afkomu og verkmenningu þjóðarinnar í heild, sambúð hennar við landið og óblíð náttúruöfl allt aftur á landnámstíma. Allt um það er ekki að finna í varðveittum ritheimildum, sem auk þess eru snöggtum yngri en elstu minjar um búsetu í landinu. Fornleifauppgröftur og úrvinnsla á afrakstri uppgrafar kalla þar af leiðandi á annars konar vinnubrögð en þegar um túlkun á varðveittum rittextum er að ræða. Og þá einkum í ljósi þess, að fornleifauppgröftur felur í sér *óafturkræfa röskun* fornleifa og verður því ekki endurtekinn síðar sé ekki rétt að honum staðið - ólíkt ritheimildum - sem raskast ekki þó rýnt sé í innihald þeirra. Stjórnendum fornleifauppgrafa er þar af leiðandi skylt að gera grein fyrir afrakstri þeirra í birtum niðurstöðum, svo unnt sé að sannreyna hversu marktækar þær niðurstöður séu. Og þar skiptir sköpum að aldursgreina fornleifar eins og kostur er – áður en tekist er á við að tengja afrakstur fornleifauppgrafa við það sem menn telja sig vita um samfélagsskipan, atvinnuhætti, verkmenninga, trúariðskun o.s.frv. á þeim tímum sem fornleifarnar vísa til. Með það í huga skiptir einnig máli, að landnám Íslands hófst allnokkru fyrir en áður var talið (sbr. kafla 3.6), en þar stangast á vitnisburður fornleifa annars vegar og hefðbundin túlkun á heimildagildi Íslendingabókar, Landnámabóka og Íslendingasagna um það hins vegar, hvenær menn hófu að nema hér land.

Að framangreindu ber á leggja áherslu á, að *ritheimildir* eru meginviðfangsefni sagnfræðinga, þó fornleifafræðingum beri reyndar að kynna sér ritheimildir við undirbúning og úrvinnslu fornleifarannsókna. Það er hins vegar alls ekki viðurkennd aðferðafræði innan fornleifafræðinnar (og á raunar við um vísindarannsóknir á hvaða sviði sem er) að gefa sér niðurstöðu fornleifarannsókna á sögulegum grunni, og leita svo allra ráða til staðfestingar á “trú” sinni (þ.e. fyrirframgefinni niðurstöðu). Enda hvergi í háskólum Evrópu deilt um þetta grundvallaratriði nema í ríkisreknum Háskóla Íslands, þar sem *sagnfræðileg* sjónarmið hafa ráðið því hvernig líta beri á hlutverk fornleifafræðinnar án tillits til sjálfstæðis hennar sem háskólagreinar. Þetta á einnig við um ríkisrekna rannsóknasjóði þar sem “ráðgjafar” Háskóla Íslands hafa ráðið því að mestu hvernig styrkveitingum til fornleifarannsókna er hagað, án þess að þeir kunni skil á fornleifafræði sem sjálfstæðu vísindasviði. Það kom því ekki með öllu á óvart, að þegar loks var boðið upp á kennslu í fornleifafræði í Háskóla Íslands, þá var þeirri sjálfstæðu háskólagrein skipað sem undirgrein við sagnfræði í samnefndri skor?! Og sagnfræðingur með eins vetrar nám að baki í fornleifafræði því næst ráðinn til að leiða kennslu í faginu til BA, MA og jafnvel doktorsprófs umfram séfræðimenntaða fornleifafræðinga?! *Það verður því enn sem fyrr bið á því*, að fornleifafræðin fái það frelsi sem henni er lífsnauðsyn til að hún verði að sannri vísindagrein hjá okkur sem öðrum þjóðum, t.d. *frelsi* til að vera trú sínum rannsóknaniðurstöðum þó að þær rekist að einhverju leyti á sagnaarf og ritheimildir, sem sagnfræðingar byggja verk sín á. Hjá okkur er það aftur á móti á hendi menntamálaráðherra (sem fer með yfirstjórn fornleifaverndar og háskólamenntunar í landinu) að sjá til þess að fornleifafræðinni séu skapaðar nauðsynlegar aðstæður á háskólastigi ásamt því að innleiða tilhlýðilegar kröfur um menntun fornleifafræðinga *til styrktar íslenskri fornleifavernd og fornleifafræði*. Hvort það nái fram að ganga ræðst af metnaði framkvæmdavaldsins á því, að við séum ekki eftirbátar annarra Evrópuríkja í þeim efnum.

JARÐLAGASKRÁ

Fornleifarannsóknarvið Byggarðsvör á Seltjarnarnesi
2004

Könnunarskurður A:1

Nr. Lýsing

Jl

- 1 Grassvörður
- 2 Hreyft grófgert moldarlag, hreyfð mold blönduð finni möl
- 3 Hreyft þétt moldarlag
- 5 Fíngert moldarlag; mold með fingerðum kornum/silti
- 6 Katla~1500
- 9 Landnámslag~870
- 10 Fínkorna gjóskulag (Hekla ?)
- 11 Gjóska af óþekktum aldri og uppruna
- 13 Moldarkennt fíngert malarlag ásamt smærri malarsteinum
- 14 Klöpp / berggrunnur úr grágrýti

Könnunarskurður B:1

Nr. Lýsing

Jl

- 1 Grassvörður
- 2:1 Grófgert moldarkennt mannvistarlag með skelja- og fiskbeinaleifum
- 3:1 Þétt moldarkennt mannvistarlag með skelja- og fiskbeinaleifum
- 4 Öskusmitað mannvistarlag
- 5 Fíngert moldarlag; mold með fingerðum kornum/silti
- 6 Katla~1500
- 13 Moldarkennt fíngert malarlag ásamt smærri malarsteinum

Könnunarskurður C:1

Nr. Lýsing

Jl

- 1 *Grassvörður*
- 2 Hreyft grófgert moldarlag; hreyfð mold blönduð finni möl
- 5 Fíngert moldarlag; mold með fingerðum kornum/silti
- 6 Katla~1500
- 7 Miðaldalagið ?
- 8 stórgró frá mosajafna (*Selaginella selaginoides*) eða álftalauk (*Isoëtes echinospora*)
- 9 Landnámslag~870
- 10 Fínkorna gjóskulag (Hekla ?)
- 11 Gjóska af óþekktum aldri og uppruna
- 13 Moldarkennt fíngert malarlag ásamt smærri malarsteinum

Könnunarskurður E:1

Nr. Lýsing

J1

- 1** *Grassvörður*
